

Mánudaginn 8. febrúar 1982.

Nr. 168/1980. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson, settur vara-  
ríkissaksóknari)

gegn

**Matthíasi Árna Mathíesen Guðmundssyni**

(Ingi Ingimundarson hrl.).

Skjalafals. Brot í opinberu starfi.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 26. júní 1980. Ágrip barst Hæstarétti 30. júlí 1981.

Málinu var af ákærvaldsins hálfu einnig áfrýjað til þyngingar. Fyrir Hæstarétti gerir ákærvaldið þessar kröfur:

„Krafist er staðfestingar hins áfrýjaða dóms á sakfellingu í öllum liðum ákæru, I.—X. lið, fyrir brot á 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og á sakarkostnaðargreiðslu, en jafnframt aðallega, að öll brotin, eins og þeim er lýst í ákæru, varði ákærða einnig refsingu samkvæmt 138. gr. sömu laga, til vara þau brot, er greinir í III.—IV. lið og VIII.—X. lið. Þess er krafist, að refsing ákærða verði þyngd og ákærði verði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar málsins, þ. m. t. saksóknarlaun hér fyrir dómi, er renni til ríkissjóðs.“

Dómkröfur af hálfu ákærða eru þær, að hann verði dæmdur til vægustu refsingar, sem lög leyfa við viðkomandi broti, og að refsing verði skilorðsbundin.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný skjöl.

Auk þeirra leiðréttinga, sem gerðar voru við ákæru, er málið var flutt í héraði, voru við flutning málsins hér fyrir dómi gerðar svofelldar leiðréttingar á ákærunni, sem skipaður verjandi ákærða gerði engar athugasemdir við:

V. liður A, innlagningarseðill í Samvinnubanka, talinn

10.000.00 krónur, en var 20.000.00 krónur, svo sem réttilega er greint í héraðsdómi, IV. liður, 23.—24. töluliður, ávísanir taldar gefnar út 19. nóvember 1975, en þær voru gefnar út 13. desember s. á., sami ákæruliður (IV.), 31. töluliður, ávísun talin gefin út 25. nóvember 1975, en hún var gefin út 25. júní 1976. Jafnframt var það leiðrétt, að ávísun þessi var í raun gefin út í nafni Jóns B. Bjarnasonar, en ekki Sigurjóns Einarssonar, svo sem greinir í ákæru. Var málið reifað fyrir Hæstarétti með hliðsjón af þessum breytingum í samræmi við ákvæði 3. mgr. 118. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974.

## I.

Skilja verður upphafskafla ákæru svo, að þar sé ákærði m. a. ákærður til refsingar samkvæmt 1. mgr. 155. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 fyrir að hafa falsað ökuskírteini þeirra Sigurjóns Einarssonar, Snæbjörns Geirs Viggóssonar og Jóns Bjarna Bjarnasonar (sbr. X. lið ákæru) með því að koma þar fyrir mynd af sjálfum sér og samstillta stimpilför í mynd og ökuskírteini, þannig að út leit sem heilt væri, en ökuskírteini þetta komst ákærði yfir í starfi sínu sem rannsóknarlögreglumáður.

Með því að taka til eigin nota framangreind ökuskírteini, sem ákærði hafði aðgang að vegna starfs síns sem rannsóknarlögreglumáður, og breyta þeim með þeim hætti, sem í ákæru greinir og lýst er nánar í héraðsdómi, og síðan að nota þau til þess að blekkja í lögskiptum þeim, sem greinir hér á eftir, hefur ákærði gerst brotlegur við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 138. gr. sömu laga, að því er varðar stofnun bankareikninga þeirra, sem greinir í III.—IV. lið og VIII. lið ákæru, svo og framsal ávísana samkvæmt 1. og 2. tölulið IX. liðar ákæru. Auk þess þykir sannað, að ákærði hafi notað falsað ökuskírteini Sigurjóns Einarssonar við framsal ávísana þeirra, sem greinir í IV. lið ákæru, 8., 9. og 13. tölulið, Snæbjörns Viggóssonar við framsal ávísunar í IV. lið, 26. tölulið, og Jóns Bjarna Bjarnasonar í IV. lið, 33. og 34. tölulið, Snæbjörns Viggóssonar við framsal

ávísunar í VIII. lið, 4. tölulið, og Jóns Bjarna Bjarnasonar við framsöl ávísana samkvæmt X. lið, 1., 2., 3. og 8. tölulið. Hefur hann með því gerst brotlegur við sömu lagaákvæði.

Svo sem í héraðsdómi greinir, benda líkur til þess, að ákærði hafi notað hin fölsuðu ökuskirteini við stofnun ávísanareiknings 2338 við Breiðholtsútibú Iðnaðarbanka Íslands h/f (IX. liður ákæru) og við framsal nokkurra fleiri ávísana en hér greinir, en eigi þykir sekt ákærða í þeim efnum sönnuð, svo að sakfella megi hann þess vegna.

## II.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta ákvæði hans um sakfellingu ákærða samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 fyrir fölsun allra þeirra ávísana og innlagningar- og úttektarseðla, sem honum er í I.—X. lið ákæru gefið að sök að hafa falsað.

## III.

Um skjalafals ákærða samkvæmt þessum ákærulið er fjallað með öðrum fölsunarbrotum hans undir I. og II. lið hér að framan. Með því að hagnýta sér tékkhefti það, sem greinir undir þessum ákærulið, með þeim hætti, sem í ákæru og héraðsdómi greinir, hefur ákærði unnið til refsingar samkvæmt 138. gr. almennra hegningarlaga.

## IV.

Með vísan til yfirlýsingar ákæruvalds hér fyrir dómi kemur hvorki til álita að sakfella ákærða samkvæmt 138. gr. almennra hegningarlaga fyrir að hafa ritað á ritvél rannsóknarlögreglu meginmál tveggja ávísana né vegna þess, að ákærði kann að hafa fært sér í nyt vitneskju, er vera má, að hann hafi fengið í starfi sínu um rannsókn á brotum hans, en hann deildi vinnuherbergi með þeim rannsóknarlögreglu-manni, sem falin hafði verið rannsókn brota þessara.

## V.

Við ákvörðun refsingar ber að taka tillit til umfangs brotastarfsemi ákærða og að brotin tóku yfir allangan tíma.

Á himm bóginu hefur ákærði, svo sem greinir í héraðsdómi, að fullu bætt tjónþolum fjártjón, sem atferli hans olli. Þá missti ákærði starf sitt vegna brota þessara, en nafnbirting ákærða í fjölmiðlum hefur eigi áhrif á ákvörðun á refsingu hans.

## VI.

Samkvæmt 1. mgr. 155. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir refsing ákærða með hliðsjón af 77. gr. sömu laga hæfilega ákveðin fangelsi 20 mánuði, en frá þeirri refsingu dragist með fullri dagatölu gæsluvarðhaldsvist hans frá 24. júlí til 4. ágúst 1976.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar. Dæma ber ákærða til þess að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 5.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, 5.000.00 krónur.

Víta ber drátt þann, sem orðið hefur á meðferð máls þessa hjá sakadómi Kjósarsýslu, einkum drátt þann, sem varð frá flutningi málsins hinn 15. júní 1978 til endurupptöku þess 17. desember 1979 og dómsuppkvaðningar hinn 31. desember 1979.

## D ó m s o r ð:

Ákærði, Matthías Árni Mathiesen Guðmundsson, sæti fangelsi 20 mánuði, en þar frá skal draga gæsluvarðhaldsvist hans frá 24. júlí 1976 til 4. ágúst s. á.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 5.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Inga Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 5.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur sakadóms Kjósarsýslu 31. desember 1979.**

Árið 1979, mánudaginn 31. desember, er á dómþingi sakadóms Kjósarsýslu, sem háð er í skrifstofu dómsins að Strandgötu 31,

Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 1610/1976: Ákærvaldið gegn Matthíasi Árna Mathíesen Guðmundssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var endanlega 17. desember sl., er með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 17. mars 1977, höfðað gegn Matthíasi Árna Mathíesen Guðmundssyni, Byggðarholti 29 í Mosfellshreppi, fyrir skjalafals, fjársvik og brot í opinberu starfi, framin á tímabilinu frá því í ágúst 1975 og fram í júlí 1976 með þeim hætti, að ákærði, sem þá var rannsóknarlögreglu- maður í Reykjavík, opnaði á annarra nöfnum í bönkum og bankaútibúum í Reykjavík eftirtalda níu sparisjóðs- og/eða tékkareikninga til þess að nota í viðskiptum til fjársvika og tékkaútgáfu, og í því skyni framvísaði ákærði í afgreiðslum bankanna innlagningar- og úttektarseðlum með fölsuðum nafn- ritunum, og við opnun tékkareikninganna og notkun margra þeirra tékka, er síðar greinir, ökuskírteinum, sem ákærði hafði ýmist veitt viðtöku eða með öðrum hætti komist yfir í starfi sínu, en öllum breytt þannig, að í þau hafði hann límt myndir af sjálfum sér í stað þeirra, er þar voru fyrir:

*I. Sparisjóðsbók í Landsbanka Íslands, aðalbanka, nr. 145975:*

A. 18. ágúst opnað ofangreindan reikning með því að framvísa innlagningar-seðli, kr. 50.000.00, þar sem ákærði tilgreindi reikningseiganda og innleggjanda Ingvar Jóhannesson, Álftahól- um 4.

B. 27. sama mánaðar framvísað í bankanum úttektarseðli á reikninginn með sömu nafnritunum, kr. 40.000.00, sem ákærði fékk greiddar í reiðufé.

C. 29. sama mánaðar framvísað í bankanum innlagningar-seðli á reikninginn með sömu nafnritunum, kr. 450.000.00, og greitt hann með því að framvísa tékka á Landsbanka Íslands, útibúið á Selfossi, C 40565, á sparisjóðsávísanareikning 655, sem ákærði hafði þann sama dag gefið út með nafnrituninni Óli Þ. Guðbjart- son og framselt með nafnrituninni Ingvar Jóhannesson og réttu nafnnúmeri þess manns, 4771—5431.

*II. Innlánsbók í Útvegsbanka Íslands, aðalbanka, nr. 59172:*

A. 11. september opnað ofangreindan reikning með því að framvísa innlagningar-seðli, kr. 10.000.00, þar sem ákærði til-

greindi reikningseiganda og innleggjanda Ingvar Jóhannesson, Álftahólum 4, en innlegg þetta greiddi ákærði með tékka, sbr. III. lið, 1. tölul.

B. 15. sama mánaðar framvísað í bankanum úttektarseðli á reikninginn með sömu nafnrítunum, kr. 5.000.00, sem ákærði fékk greiddar í reiðufé.

C. 1. október framvísað í bankanum innlagningar-seðli á reikninginn með sömu nafnrítunum, kr. 170.000.00, sem ákærði greiddi með tékkum, sbr. III. lið, 6. tölul., og IV. lið, 7. tölul., og samhliða því framvísað úttektarseðli á reikninginn með sömu nafnrítunum, kr. 90.000.00, sem ákærði fékk greiddar í reiðufé.

D. 13. október framvísað í bankanum úttektarseðli á reikninginn með sömu nafnrítunum, kr. 70.000.00, en er ákærði varð var við fyrirstöðu á greiðslu, hvarf hann við svo búíð á brott úr bankanum.

### III. Tékkareikningur í Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka, nr. 3006—7:

11. september opnað ofangreindan reikning með því að framvísa í bankanum umsókn með rithandarsýnishorni og innlagningar-seðli, kr. 20.000.00, þar sem ákærði tilgreindi reikningseiganda og innleggjanda Sigurjón Einarsson, Suðurhólum 8, og framvísaði þá jafnframt ökuskríteini á því nafni, sem ákærði hafði aflað sér og breytt með þeim hætti, er áður er lýst. Ákærði fékk keypt tékkhefti, eyðublöð nr. 814826—814850, og gaf eftir það út tékka á reikninginn, alla með nafnrítuninni Sigurjón Einarsson, og notaði þá í viðskiptum, eins og rakið verður, án þess að raunveruleg innstæða væri fyrir þeim, að undanskildum tékkunum í 1.—5. tölul.:

1. 814826, kr. 10.000.00, til handhafa, dagsettur 11. september. Framseldur nafnrítuninni Ingvar Jóhannesson og notaður til greiðslu innleggs í Útvegsbanka Íslands, sbr. II. lið A.

2. 814827, kr. 1.000.00, til handhafa, dagsettur 14. september. Staðgreiðsla fyrir aðgöngumiða að íþróttavelli.

3. 814828, kr. 2.000.00, til handhafa, dagsettur 15. september. Staðgreiðsla fyrir vörur í Apóteki Austurbæjar.

4—5. 814829 og 814830, kr. 4.000.00 og kr. 2.000.00, til Hagkaupa, dagsettir 15. og 26. september. Staðgreiðsla fyrir vörur hjá viðtakanda.

6. 814832, kr. 80.000.00, til handhafa, dagsettur 1. október. Sama framsalsritun og notkun og í 1. tölul. greinir, sbr. II. lið C.

7. 814833, kr. 60.000.00, til handhafa, dagsettur 1. október. Framseldur nafnrituninni Ingvar Jóhannesson og notaður til greiðslu innleggs í Búnaðarbanka Íslands, Miðbæjarútibúi.

8. 814835, kr. 5.000.00, til Hagkaupa, dagsettur 1. október. Staðgreiðsla fyrir vörur hjá viðtakanda.

9. 814839, kr. 2.000.00, til handhafa, dagsettur 26. október 1975. Staðgreiðsla fyrir aðgöngumiða í Austurbæjarbíói.

10. 814843, kr. 160.000.00, til Landsbanka Íslands, dagsettur 1. október. Notaður til greiðslu innleggs í Landsbanka Íslands, Austurbæjarútibúi.

11. 814844, kr. 6.000.00, til Kaupgarðs, dagsettur 27. október. Staðgreiðsla fyrir vörur í Kaupgarði, Smiðjuvegi 9, Kópavogi.

12. 814847, kr. 50.000.00, til handhafa, dagsettur 6. nóvember. Framseldur með nafnrituninni Sigurður Karlsson og réttu nafnnúmeri þess manns, 7881—3010, og notaður til greiðslu innleggs á sparisjóðsbók nr. 25237, sbr. V. lið B.

13. 814848, kr. 5.000.00, til Vörumarkaðarins, dagsettur 11. nóvember. Staðgreiðsla fyrir vörur hjá viðtakanda.

14. 814849, kr. 6.000.00, til SS Laugavegi, dagsettur 11. nóvember. Staðgreiðsla fyrir vörur í verslun SS, Laugavegi 116.

15. 814850, kr. 60.000.00, til handhafa, dagsettur 17. nóvember. Framseldur nafnrituninni Skúli Skúlason og réttu nafnnúmeri þess manns, 8183—5748, og notaður til greiðslu innleggs í Iðnaðarbanka Íslands, sbr. VII. lið C.

#### *IV. Ávísanareikningur í Landsbanka Íslands, Austurbæjarútibúi, nr. 27520:*

16. september opnað ofangreindan reikning með því að framvísa í bankanum umsókn með rithandarsýnishorni og innlagningarseðli, kr. 22.000.00, þar sem ákærði tilgreindi reiknings-eiganda og innleggjanda Sigurjón Einarsson, Blikahólum 8, og framvísaði þá jafnframt ökuskírteini á því nafni, sem ákærði hafði aflað sér og breytt með þeim hætti, er áður er lýst. Ákærði fékk keypt tékkhefti, eyðublöð 984676—984700, og þann 1. nóvember annað tékkhefti, eyðublöð 1011151—1011175, og gaf út eftirtalda tékka á reikninginn með nafnrituninni Sigurjón Einarsson, nema þar sem annarrar nafnritunar og reikningsnúmers er getið, og notaði þá í viðskiptum, eins og rakið verður, án þess að raunveruleg innstæða væri fyrir þeim, að undanskildum tékkunum í 1.—6. tölul.

1. 984676, kr. 5.000.00, til Hagkaupa, dagsettur 17. september.

Staðgreiðsla fyrir vörur hjá viðtakanda.

2. 984677, kr. 1.000.00, til handhafa, dagsettur 18. september.

Greiðsla fyrir aðgöngumiða í Nýja Bíói.

3—6. 984678, kr. 5.000.00, 984679, kr. 2.000.00, 984680, kr. 5.000.00, og 984682, kr. 4.000.00, allir til Hagkaupa, dagsettir 19. september (tveir), 23. og 25. september. Sama notkun og í 1. tölul.

7. 984683, kr. 90.000.00, til handhafa, dagsettur 1. október. Framseldur nafnrituninni Ingvar Jóhannesson og notaður til greiðslu innleggs í Útvegsbanka Íslands, sbr. II. lið C.

8. 984685, kr. 60.000.00, til handhafa, dagsettur 1. október. Framseldur nafnrituninni Sigurjón Einarsson og seldur í Landsbanka Íslands, Vegamótaútbúi, gegn greiðslu í reiðufé.

9. 984687, kr. 60.000.00, til handhafa, dagsettur 1. október. Framseldur nafnrituninni Sigurjón Einarsson og seldur í Landsbanka Íslands, aðalbanka, gegn greiðslu í reiðufé.

10. 984689, kr. 90.000.00, til Búnaðarbanka Íslands, dagsettur 1. október. Notaður til greiðslu innleggs á reikning 3006—7.

11. 984691, kr. 66.000.00, til handhafa, dagsettur 6. nóvember. Framseldur nafnrituninni Sigurður Karlsson og nafnnúmeri þess manns, 7880—3010, og notaður til greiðslu innleggs í Samvinnubankanum, sbr. V. lið B.

12. 984693, kr. 5.000.00, til handhafa, dagsettur 5. nóvember. Staðgreiðsla fyrir vörur í versluninni Ásgeir, Grímsbæ.

13. 984694, kr. 80.000.00, til handhafa, dagsettur 1. október. Framseldur nafnrituninni Sigurjón Einarsson og seldur í Landsbanka Íslands, Austurbæjarútbúi, gegn greiðslu í reiðufé.

14. 984695, kr. 3.000.00, til handhafa, dagsettur 5. nóvember. Sama notkun og í 12. tölul.

15. 984697, kr. 10.000.00, til Vörumarkaðarins, dagsettur 7. nóvember. Staðgreiðsla fyrir vörur hjá viðtakanda.

16. 984699, kr. 50.000.00, til Landsbanka Íslands, dagsettur 14. nóvember. Notaður til greiðslu afborgunar skuldar í Landsbanka Íslands, veðdeild, en meiri hluta tékkafjánhæðarinnar fékk ákærði greitt í reiðufé.

17. 984700, kr. 85.000.00, til handhafa, dagsettur 14. nóvember. Framseldur nafnrituninni Skúli Skúlason og nafnnúmeri þess manns, 8183—5748, og notaður til greiðslu innleggs í Búnaðarbanka Íslands, Miðbæjarútbúi, sbr. VI. lið B.

18—19. 1011151, kr. 3.000.00, og 1011152, kr. 2.000.00, til Silla

& Valda, dagsettir 18. nóvember. Staðgreiðsla fyrir vörur hjá viðtakanda.

20—21. 1011153, kr. 7.000.00, og 1011155, kr. 2.000.00, til SS Glæsibæ, dagsettir 19. nóvember. Staðgreiðsla fyrir vörur hjá viðtakanda.

22. 1011156, kr. 30.000.00, til handhafa, dagsettur 20. nóvember. Framseldur nafnrituninni Skúli Skúlason og nafnnúmeri þess manns, 8183—5748, og notaður til greiðslu innleggs í Iðnaðarbanka Íslands h/f, sbr. VII. lið C.

23—24. 1011157, kr. 7.000.00, og 1011158, kr. 2.000.00, til SS Austurveri, dagsettir 19. nóvember. Staðgreiðsla fyrir vörur hjá viðtakanda.

25. 1011159, kr. 30.000.00, á ávísanareikning 16360, til handhafa, dagsettur 14. maí. Framseldur nafnrituninni Snæbjörn Viggósson og seldur í Landsbanka Íslands, aðalbanka, gegn greiðslu í reiðufé.

26. 1011160, kr. 30.000.00, á ávísanareikning 16360, til handhafa, dagsettur 14. maí. Framseldur nafnrituninni Snæbjörn Viggósson og seldur í Landsbanka Íslands, Múlaútibúi, gegn greiðslu í reiðufé.

27. 1011161, kr. 30.000.00, á ávísanareikning 16360, til handhafa, dagsettur 14. maí. Framseldur nafnrituninni Snæbjörn Viggósson og seldur í Landsbanka Íslands, Langholtsútibúi, gegn greiðslu í reiðufé.

28. 1011162, kr. 30.000.00, á ávísanareikning 16360, til handhafa, dagsettur 14. maí. Framseldur nafnrituninni Snæbjörn Viggósson og seldur í Landsbanka Íslands, Árbæjarútibúi, gegn greiðslu í reiðufé.

29—30. 1011163, kr. 10.000.00, og 1011164, kr. 10.000.00, báðir á ávísanareikning 17870 og til handhafa, dagsettir 25. júní, útgefnir með nafnrituninni Jón B. Bjarnason. Notaðir í staðgreiðsluviðskiptum í versluninni Útilífi, Glæsibæ.

31. 1011165, kr. 5.000.00, til SS Austurveri, dagsettur 25. nóvember. Sama notkun og í 23.—24. lið.

32. 1011166, kr. 10.000.00, á ávísanareikning 16360, til handhafa, dagsettur 9. júlí, útgefinn með nafnrituninni Jón B. Bjarnason. Notaður í staðgreiðsluviðskiptum í Skátabúðinni við Snorrabraut.

33. 1011167, kr. 150.000.00, á ávísanareikning 22720, til Jóns Bjarnasonar, útgefinn 15. júlí pr. pr. Klausturhólar, með nafnrituninni Guðm. Axelsson. Tékkann framseldi ákærði nafnritun-

inni Jón B. Bjarnason og framvísaði í Iðnaðarbanka Íslands h/f, Grensásútibúi, til greiðslu innleggs á ávísanareikning 2388, sbr. IX. lið, 3. tölul.

34. 1011168, kr. 120.000.00, og að öðru leyti útfylltur, útgefinn og framseldur sem í 33. lið greinir. Seldur í Landsbanka Íslands, útibúinu Selfossi, gegn greiðslu í reiðufé.

*V. Sparisjóðsbók í Samvinnubankanum, Reykjavík, nr. 25237:*

A. 4. nóvember opnað ofangreindan reikning með því að framvísa innlagningarseðli, kr. 10.000.00, þar sem ákærði tilgreindi reikningseiganda og innleggjanda Sigurð Karlsson, Krummahólum 4.

B. 7. sama mánaðar framvísað í bankanum innlagningarseðli á reikninginn með sömu nafnritunum, kr. 116.000.00, sem ákærði greiddi með tékkum, sbr. III. lið, 12. tölul., og IV. lið, 11. tölul., og samhliða því framvísað úttektarseðli á reikninginn með sömu nafnritunum, kr. 95.000.00, sem ákærði fékk greiddar í reiðufé.

C. Sama dag framvísað í Samvinnubankanum, Háaleitisútibúi, sparisjóðsbókinni ásamt úttektarseðli með sömu nafnritunum kr. 30.000.00, sem ákærði fékk greiddar í reiðufé.

*VI. Sparisjóðsbók í Búnaðarbanka Íslands, Miðbæjarútibúi, nr. 6227:*

A. 12. nóvember opnað ofangreindan reikning með því að framvísa innlagningarseðli, kr. 20.000.00, þar sem ákærði tilgreindi reikningseiganda og innleggjanda Skúla Skúlason, Krummahólum 4.

B. 14. sama mánaðar framvísað innlagningarseðli á reikninginn með sömu nafnritunum, kr. 85.000.00, sem ákærði greiddi með tékka, sbr. IV. lið, 17. tölul.

C. Sama dag framvísað í Samvinnubankanum, Melaútibúi, sparisjóðsbókinni ásamt úttektarseðli með sömu nafnritunum, kr. 80.000.00, sem ákærði fékk greiddar í reiðufé.

*VII. Sparisjóðsbók í Iðnaðarbanka Íslands h/f, Reykjavík, nr. 37527:*

A. 12. nóvember opnað ofangreindan reikning með því að framvísa innlagningarseðli, kr. 20.000.00, þar sem ákærði tilgreindi reikningseiganda og innleggjanda Skúla Skúlason, Asparfelli 8.

B. 19. sama mánaðar framvísað í bankanum úttektarseðli á reikninginn með sömu nafnritunum, kr. 15.000.00, sem ákærði fékk greiddar í reiðufé.

C. 21. sama mánaðar framvísað innlagningarseðli á reikninginn með sömu nafnritunum, kr. 110.000.00, sem ákærði greiddi með tékkum, sbr. III. lið, 15. tölul., IV. lið, 22. tölul., og VIII. lið, 2. tölul., og samhliða því framvísað úttektarseðli á reikninginn með sömu nafnritunum, kr. 80.000.00, sem ákærði fékk greiddar í reiðufé.

*VIII. Tékkareikningar í Búnaðarbanka Íslands, Vesturbæjarútibúi, nr. 1878—0:*

20. nóvember opnað ofangreindan reikning með því að framvísa í bankanum umsókn með rithandarsýnishorni og innlagningarseðli, kr. 35.000.00, þar sem ákærði tilgreindi reikningseiganda Snæbjörn Viggósson, Tjarnarbóli 8, og framvísaði þá jafnframt ökuskírteini á því nafni, sem ákærði hafði aflað sér og breytt með þeim hætti, er áður er lýst. Ákærði fékk keypt tékkhefti, eyðublöð 164401—164425, og gaf eftir það út tékka á reikninginn með þeirri nafnritun, nema þar sem annarrar nafnritunar og reikningsnúmers er getið, og notaði þá í viðskiptum, eins og rakið verður, án þess að raunveruleg innstæða væri fyrir þeim, að undanskildum tékkunum í 1. og 2. tölul.:

1. 164401, kr. 10.000.00, til Hagkaupa, dagsettur 20. nóvember. Staðgreiðsla fyrir vörur hjá viðtakanda.

2. 164403, kr. 20.000.00, til handhafa, dagsettur 21. nóvember. Framseldur nafnrituninni Skúli Skúlason og nafnnúmeri þess manns, 8183—5748, og notaður til greiðslu innleggs í Iðnaðarbanka Íslands, sbr. VII. lið C.

3. 164404, kr. 40.000.00, til handhafa, dagsettur 1. desember. Framseldur nafnrituninni Snæbjörn Viggósson og seldur í Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka, gegn greiðslu í reiðufé.

4. 164405, kr. 40.000.00, til handhafa, dagsettur 1. desember. Framseldur nafnrituninni Snæbjörn Viggósson og seldur í Búnaðarbanka Íslands, Miðbæjarútibúi, gegn greiðslu í reiðufé.

5. 164406, kr. 10.000.00, til Hagkaupa, dagsettur 2. desember. Sama notkun og í 1. tölul.

6. 164408, kr. 10.000.00, til SS Laugavegi, dagsettur 19. desember. Staðgreiðsla fyrir vörur hjá viðtakanda.

7—8. 164410, kr. 3.000.00, og 164411, kr. 10.000.00, báðir til

Silla & Valda, dagsettir 19. desember. Staðgreiðsla fyrir vörur hjá viðtakanda.

9. 164413, kr. 15.000.00, á ávísanareikning 2138—0, til Hagkaupa, útgefinn 5. mars með nafnrituninni Jón Magnússon. Sama notkun og í 1. tölul.

10—11. 164414, kr. 4.000.00, og 164415, kr. 2.000.00, báðir á ávísanareikning 2187—0, til SS Glæsibæ, útgefnir 5. mars með nafnrituninni Jón Magnússon. Staðgreiðsla fyrir vörur hjá viðtakanda.

12. 164417, kr. 5.000.00, til SS Austurveri, dagsettur 19. mars. Staðgreiðsla fyrir vörur hjá viðtakanda.

13. 164418, kr. 6.000.00, til SS Hafnarstræti, dagsettur 18. mars. Staðgreiðsla fyrir vörur hjá viðtakanda.

14. 164419, kr. 2.000.00, til SS Austurveri, dagsettur 19. mars. Sama notkun og í 12. tölulið.

15. 164420, kr. 10.000.00, á ávísanareikning 2101—0, til Vörumarkaðarins, útgefinn 9. apríl með nafnrituninni Þórir Jónsson. Staðgreiðsla fyrir vörur hjá viðtakanda.

16. 164421, kr. 7.000.00, á ávísanareikning 2101—1, til Hagkaupa, útgefinn 14. apríl með nafnrituninni Þórir Jónsson. Sama notkun og í 1. tölul.

17. 164422, kr. 7.000.00, á ávísanareikning 2102—2, til handhafa, dagsettur 14. apríl. Staðgreiðsla fyrir vörur í versluninni Straumnesi við Vesturberg.

18. 164423, kr. 10.000.00, á ávísanareikning 2102—2, til Kron, dagsettur 23. apríl. Staðgreiðsla fyrir vörur í verslun Kron við Stakkahlíð.

19. 164424, kr. 8.000.00, til verslunarinnar Þróttar, dagsettur 30. apríl. Staðgreiðsla fyrir vörur í versluninni Þrótti við Kleppsvæg.

20. 164425, kr. 7.500.00, á ávísanareikning 2102—2, til Kron, dagsettur 13. maí. Staðgreiðsla fyrir vörur í verslun Kron við Norðurfell.

*IX. Tékkareikningur í Iðnaðarbanka Íslands h/f,  
Breiðholtsútibúi, nr. 2338:*

19. júlí opnað ofangreindan reikning með því að framvísa í bankanum umsókn með rithandarsýnishorni og innlagningar-seðli, kr. 40.000.00, þar sem ákærði tilgreindi reikningseiganda og innleggjanda Jón B. Bjarnason, Hrafnhólum 2, og framvísaði þá jafnframt ökuskírteini á því nafni, sem ákærði hafði veitt

viðtöku í starfi sínu og breytt með þeim hætti, er áður hefur verið lýst. Ákærði fékk keypt tékkhefti, eyðublöð 45101—45125, og gaf eftir það út eftirtalda tvo tékka á reikninginn með þeirri nafnritun og notaði þá í viðskiptum, eins og rakið verður, og án þess að raunveruleg innstæða væri fyrir nema fyrri tékkanum:

1. 45105, kr. 30.000.00, til handhafa, dagsettur 19. júlí. Framseldur nafnrituninni Jón B. Bjarnason og seldur í Iðnaðarbanka Íslands h/f, Laugarnesútibúi, gegn greiðslu í reiðufé.

2. 45106, kr. 100.000.00, til handhafa, dagsettur 23. júlí. Framseldur nafnrituninni Jón B. Bjarnason og framvísað í Iðnaðarbanka Íslands, Grensásútibúi, en er ákærði varð þess var, að fyrirstæða var á greiðslu, hrifsaði hann til sín framvísuðu ökuskríteini á nafni Jóns B. Bjarnasonar, og hvarf á brott, en var þá veitt eftirför af rannsóknarlögreglumanni, er var í bankanum á varðstöðu eftir ákærða og handtók hann þar utandyra.

3. Samhliða framvísun á tékka þeim, er í 2. tölulið greinir, framvísaði ákærði í bankaútibúinu innlagningarseðli á reikninginn með sömu nafnritun, kr. 150.000.00, sem ákærði fékk greiðslustimplaðan gegn framvísun tékka sömu fjárhæðar, sbr. IV. lið, 33. tölul.

## X.

Um vorið 1976 veitt viðtöku í starfi sínu, án þess að rita um það skýrslu, tékkhefti á Landsbanka Íslands, Vegamótaútibú, með tíu óútfylltum eyðublöðum og ökuskríteini Jóns Bjarna Bjarnasonar, Sörlaskjólí 30, er stolið hafði verið úr fötum Jóns Bjarna í Eimskipafélagshúsinu, Pósthússtræti 2. Ákærði hagnýtti sér þetta hvort tveggja, ökuskríteinið við sölu margra þeirra tékka, er í þessum lið greinir, eftir að hafa breytt því með þeim hætti, er áður er lýst, og tékkaeyðublöðin með útgáfu eftirtaldra átta tékka í nafni Jóns B. Bjarnasonar á ávísanareikning nr. 9367 og til handhafa, nema þar sem annars reikningsnúmers eða viðtakanda er getið, og notkun tékkanna í viðskiptum, eins og rakið verður:

1. 241091, kr. 40.000.00, á ávísanareikning nr. 9453, dagsettur 16. júní. Framseldur nafnrituninni Jón B. Bjarnason og nafnnumeri þess manns, 5115—5785, og seldur í Landsbanka Íslands, aðalbanka, gegn greiðslu í reiðufé.

2. 241092, kr. 40.000.00, á ávísanareikning nr. 9453, dagsettur 16. júní. Framseldur nafnrituninni Jón B. Bjarnason og nafn-

númeri þess manns, 5115—5785, og seldur í Landsbanka Íslands, Vesturbæjarútibúi, gegn greiðslu í reiðufé.

3. 241093, kr. 40.000.00, á ávísanareikning nr. 9534, dagsettur 16. júní. Framseldur nafnrituninni Jón B. Bjarnason og nafn-  
númeri þess manns, 5115—5785, og seldur í Landsbanka Íslands, Múlaútibúi, gegn greiðslu í reiðufé.

4. 241094, kr. 15.000.00, dagsettur 2. júlí. Notaður í staðgreiðsluviðskiptum í Álafossi, Vesturgötu 2.

5—6. 241095, kr. 6.000.00, og 241096, kr. 2.200.00, báðir til Kaupgarðs og dagsettir 2. júlí. Staðgreiðsla fyrir vörur í Kaupgarði, Smiðjuvegi 9 í Kópavogi.

7. 241097, kr. 5.000.00, dagsettur 2. júlí. Staðgreiðsla fyrir vörur í Tómsundahúsinu, Laugavegi 164.

8. 241099, kr. 80.000.00, dagsettur 16. júlí. Framseldur nafnrituninni Jón B. Bjarnason og nafnnúmeri þess manns, 5115—5785, og seldur í Landsbanka Íslands, útibúinu á Selfossi, gegn greiðslu í reiðufé.

## XI.

Brot ákærða, sem að framan er lýst, teljast varða við *aðallega* 1. mgr. 155. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, til vara við 155. gr. og að því er varðar brot þau, er greinir í I. lið C, III.—IV. lið og VIII.—X. lið, við 155. gr., sbr. 138. gr. sömu laga.

## XII.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 2. október 1945 í Hafnarfirði, og hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir.

1963 30/10 í Hafnarfirði: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 50. og 51. gr. umferðarlaga.

1964 20/3 í Hafnarfirði: Sátt, 350 kr. sekt fyrir brot á 50. og 51. gr. umferðarlaga og banni við framúrakstri.

1964 9/6 í Hafnarfirði: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 50. gr. umferðarlaga.

1964 16/7 í Hafnarfirði: Sátt, 250 kr. sekt fyrir brot á 3. mgr. 51. gr., 1. og 2. mgr. 50. gr. og 1. mgr. 38. gr. umferðarlaga og auglýsingu nr. 163/1963.

1964 19/8 í Hafnarfirði: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr.

26. gr., 1. mgr. 37. gr., 1. mgr. 47. gr. og 49. gr. umferðarlaga.

1965 4/4 í Hafnarfirði: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 4. mgr. 46. gr., 50. gr., 51. gr., sbr. 65. gr., 4. mgr. 47. gr., 5. mgr. 45. gr. umferðarlaga.

Af hálfu verjanda ákærða, Inga Ingimundarsonar, er þess krafist, að ákærði verði dæmdur í vægustu refsingu, sem yrði skil-orðsbundin, og honum verði dæmd hæfileg málsvarnarlaun.

Kröfum sínum til stuðnings taldi hann einkum fram, að ákærði hefði leiðst út í brotin vegna mikilla fjárhagsörðugleika og þegar orðið að líða mikið fyrir þau, svo sem með stöðumissi og með nafnbirtingu og skrifum um brotið í dagblöðum og umræðum í fjölmiðlum, sem hefði komið tilfinningalega illa við ákærða.

Hins vegar hefði ákærði gert sér far um að bæta fyrir brot sín og greitt allar kröfur, sem hafi verið gerðar vegna þeirra.

#### MÁLAVEXTIR ERU ÞESSIR:

26. nóvember 1975 hafði Ólafur Björnsson, deildarstjóri í hlaupareikninga- og ávísanadeild Austurbæjarútibús Landsbanka Íslands, samband í síma við Helga Danielsson, aðalvarðstjóra í rannsóknarlögreglunni í Reykjavík, og tjáði honum, að 16. september 1975 hefði maður að nafni Sigurjón Einarsson, fæddur 12. mars 1950, til heimilis að Blikahólum 8, Reykjavík, með nafnúmer 7952—3798, opnað ávísanareikning nr. 27520 við bankann. Hann hefði gefið upp sem vinnustað sinn Háskóla Íslands og tilgreint síma þeirrar stofnunar. Við stofnun reikningsins hafði verið lagt inn á hann krónur 22.000, en úttekt var nú komin rúmlega yfir inneign. Af hálfu bankans hafði verið reynt að hafa samband við nefndan Sigurjón, en án árangurs. Óskaði Ólafur aðstoðar rannsóknarlögreglu við að hafa upp á mannum og ná af honum ávísanaheftinu, sem hann væri með. Í ljós kom, að maður með þessu nafni og nafnnumeri var samkv. þjóðskrá með lögheimili að Lambleksstöðum, Mýrarhreppi, Austur-Skaftafellssýslu, en átti þá heimili að Vesturbergi 78, Reykjavík.

Hann var kallaður fyrir rannsóknarlögreglu, og neitaði hann að hafa opnað greindan reikning og kvaðst ekki hafa haft viðskipti við Austurbæjarútibú Landsbankans. Hins vegar hafði hann týnt ökuskríteini sínu fyrir 2—3 árum og nafnskríteini sínu þá nýverið.

Við nánari könnun, sem fram fór eftir þetta, kom í ljós, að 11. sept. 1975 hafði verið á sama nafni og nafnnúmeri opnaður ávísanareikningur við aðalbanka Búnaðarbanka Íslands nr. 3006—7, en þar var tilkynnt heimilisfangið Suðurhólar 8. Við opnun höfðu verið lagðar inn á reikninginn kr. 20.000 og síðar kr. 90.000, en teknar höfðu verið út verulegar fjárhæðir fram yfir inneign.

Borin voru saman rithandarsýnishorn á umsóknareyðublöðum um opnun tveggja framangreindra ávísanareikninga, og gat það verið sami maðurinn, sem hafði ritað þau.

Þá var 20. nóvember 1975 opnaður ávísanareikningur í Vesturbæjarútibúi Búnaðarbanka Íslands, nr. 18780, undir nafninu Snæbjörn Viggósson, Tjarnarbóli 8, Seltjarnarnesi, fæddur 20. janúar 1952, nafnnúmer 8228—0251, og þá var gefinn upp sem vinnusími 52365, sem er sími Álversins í Straumsvík. Greiddar voru kr. 35.000 inn á reikninginn við stofnun hans, en fljótlega fóru að berast ávísanir umfram innstæðu, og þegar kom í ljós, að gefnar höfðu verið út ávísanir a. m. k. 85.000 kr. umfram innstæðu, var af hálfu bankaútibúsins reynt að ná sambandi við reikningseiganda, en hvorki í Álverinu í Straumsvík né á uppgefnu heimili var við hann kannast. Samkvæmt þjóðskrá var til maður með sama nafni og nafnnúmeri, en með heimili að Litla-Laugardal, Tálknafirði. Við frekari eftirgrennslan kom í ljós, að sá maður var skipverji á m/b Hörpu, sem gerður var út frá Reykjavík og hafði verið á síldveiðum í Norðursjó í fimm vikur og kom úr síðustu veiðiferðinni 21. nóv. 1975, og því útilokað, að sá maður hefði fengið opnaðan ávísanareikning í Vesturbæjarútibúi Búnaðarbankans, nr. 18780, 20. nóv. 1975.

Hann kom fyrir hjá rannsóknarlögreglu 8. desember 1975 og upplýstist þá, að hann hafði tapað veski sínu í Reykjavík fyrir tveimur til þremur árum og í því verið vegabréf hans, ökuskríteini og nafnskríteini.

Gefnar höfðu verið út margar tékkávísanir á greinda reikninga í nafni tilgreindra reikningseigenda og þær seldar í bönkum, bankaútibúum og verslunum í Reykjavík, og höfðu rannsóknarlögreglunni borist margar kærur vegna þessa 18. maí 1976 og vissi, að von var á fleirum, en henni hafði munnlega verið tilkynnt um sölu margra þessara tékkávísana, en ekki þótti ástæða til, að gengið væri frá skriflegri kæru út af þeim, fyrir en upplýst væri, hver væri hinn raunverulegi útgefandi þeirra. Hins vegar hafði Helgi Daníelsson aðalvarðstjóri, sem aðallega

fór með rannsókn málsins, og fleiri rannsóknarlögreglumenn, strax og fengin var vitneskja um, að seldar höfðu verið tékkávísanir á greinda reikninga, farið á staðinn, þar sem þær voru keyptar, og rætt þar við starfsfólk, en ekki fengið þær upplýsingar, sem upplýst gætu málið eða komið þeim á sporið um, hvaða maður væri þarna að verki.

Komið hafði í ljós á þessu tímabili, að stofnaðar höfðu verið tvær sparisjóðsbækur, önnur við Útvegsbanka Íslands í nafni Ingvars Jóhannessonar, Álftahólum 8, Reykjavík, en hin við Samvinnubankann í Bankastræti í nafni Sigurðar Karlssonar, Krummahólum 4, Reykjavík. Menn með þessi heimilisföng fundust ekki. Sem innlegg á bækur þessar höfðu m. a. verið lagðar tékkávísanir á framangreinda ávísanareikninga, en þeir framseldir í nafni skráðra bókar eigenda. Starfsfólk bankans gat ekki gefið neina lýsingu á manni eða mönnum þeim, sem stofnuðu eða lögðu inn á bækurnar.

Þá hafði og verið stofnuð við Landsbanka Íslands, aðalbanka í Austurstræti í Reykjavík, sparisjóðsbók í nafni framangreinds Ingvars Jóhannessonar og m. a. reynt að leggja inn á hana tékkávísun að upphæð kr. 450.000, útgefna í nafni Óla Þ. Guðbjartssonar, en við athugun reyndist hún vera úr gömlu tékkhefti við Landsbanka Íslands, Selfossi, sem öðrum manni hafði verið afhent í útibúinu, Þorlákshöfn, en stafaði ekki frá Óla Þ. Guðbjartssyni, en maður með þessu nafni var þekktur sem sveitarstjóri á Selfossi. Við nafn framseljanda var ritað nafnnúmer, og var sá Ingvar Jóhannesson, sem samkvæmt þjóðskrá bar þetta nafnnúmer, til heimilis að Grettisgötu 77, Reykjavík, og hafði verið í veiðiferð á togara, er bókin var stofnuð og reynt var að selja framangreinda tékkávísun. Hann kannaðist ekki við að hafa stofnað bókina né að hafa framselt tékkann né vissi hann neitt um málið.

Sá, sem hafði komið með tékkávísunina í bankann, hafði horfið skyndilega úr bankanum, eftir að hún var keypt eða við henni tekið án nánari athugunar, og gat starfsfólk bankans ekki gefið nákvæma lýsingu á manningum.

Talin voru vera tengsl á milli þessara mála út af stofnun bankabókanna og svo málanna út af stofnun framangreindra ávísanareikninga og útgáfu tékkávísana á þá. Þóttu rannsóknargögn veita sterkar líkur um, að þarna gæti sami maður verið að verki, sem villti á sér heimildir með notkun rangra nafna.

9. júlí 1976 var svo kært til rannsóknarlögreglunnar út af tékk-

ávísun að upphæð kr. 40.000, var hún á reikning nr. 9534 við Vegamótaútibú Landsbanka Íslands og út gefin af Jóni B. Bjarnasyni og framseld í sama nafni, með heimilisfangi að Sörlaskjólí 30, og nafnr. 5115—5785. Maður með þessu nafni og nafnnúmeri var samkvæmt þjóðskrá með lögheimili að Gaukshólum 2, Reykjavík. Hann tjáði rannsóknarlögreglunni, að hann hefði glatað veski sínu í byrjun mars 1976, en í því hefði verið m. a. ávísanahefti hans og ökuskírteini. Hann taldi, að því hefði verið stolið úr jakkavasa hans í fatageymslu skrifstofuhúsnæðis Eimskips.

Um 15. júlí s. á. lét rannsóknarlögreglan svo dreifa í alla banka í Reykjavík skriflegum upplýsingum um ávísanafalsara þann, sem hér var talinn eiga hlut að máli, og voru þ. á m. skriftarsýni þessa manns, sem hann hafði ritað undir tékka í nafni Sigurjóns Einarssonar, Snæbjörns Viggóssonar og Jóns B. Bjarnasonar.

Þrátt fyrir þetta gerðist það mánudaginn 19. júlí s. á., að opnaður var ávísanareikningur nr. 2338 í nafni Jóns B. Bjarnasonar við útibú Iðnaðarbanka Íslands í Breiðholti, og voru um leið lagðar inn á reikninginn krónur 40.000 í peningum, og var manninum, sem við opnunina framvísaði ökuskírteini með nafni Jóns B. Bjarnasonar, afhent tékkhefti nr. 45101—45125. Sama dag var svo seldur í útibúi sama banka við Dalbraut einn tékki úr þessu tékkhefti, að upphæð kr. 30.000. Maðurinn, sem seldi tékkann, framvísaði ökuskírteini á nafni Jóns B. Bjarnasonar. Vaknaði grunur hjá starfsfólki útibúsins um, að þarna væri á ferð sá Jón B. Bjarnason, sem rannsóknarlögreglan í Reykjavík lýsti eftir, og var undirskriftin á tékkanum borin saman við skriftarsýnishornið frá rannsóknarlögreglunni, og var starfsfólkið ekki visst um, að það væri sama rithöndin. Haft var samband við starfsstúlku í Breiðholtsútibúinu, og eftir að upplýst var þaðan, að tékkinn væri á gamlan ávísanareikning, sem nýlega hefði verið lagt inn á, var tékkinn keyptur. Síðar kom í ljós, að mistök höfðu átt sér stað, en þá var maðurinn horfinn úr bankanum.

Föstudaginn 23. júlí s. á. voru svo hafðir rannsóknarlögreglumenn í útibúum Iðnaðarbanka Íslands, meðan þau voru opin, ef maður þessi kæmi þangað með ávísun. Í Grensásútibúi Iðnaðarbanka Íslands við Háaleitisbraut var Hilmar Björnsson rannsóknarlögreglumaður á verði. Klukkan 1400 kom inn í bankaútibúið maður, sem í útliti svipaði til lýsingar þeirrar, sem til

var af ávísanafalsara þeim, sem leitað var að. Maður þessi vildi leggja inn á framangreindan ávísanareikning nr. 2338 við útibú Iðnaðarbanka Íslands í Breiðholti kr. 150.000 í formi tékkávísunar, sem út gefin var af Klausturhólum h/f, en framseld af Jóni B. Bjarnasyni, en jafnframt vildi hann, að keypt yrði af honum tékkávísun að upphæð kr. 100.000 á sama ávísanareikning nr. 2338, en hún var út gefin og framseld í nafni Jóns B. Bjarnasonar.

Þeim tilmælum hafði verið beint til starfsfólks bankaútibúsins af rannsóknarlögreglu að fylgjast vel með, ef maður kæmi inn í bankaútibúið og vildi opna reikning undir nöfnum Sigurjóns Einarssonar, Snæbjörns Viggóssonar eða Jóns B. Bjarnasonar eða selja ávísanir með nöfnum þessara manna, og var starfsfólkinu, eða Kristínu Guðmundsdóttur bankafulltrúa, fengið í hendur ljósrit af tékkávísunum, sem út gefnar voru í nafni þessara manna. Þá voru því og gefin upp númer á eyðublöðum í nokkrum tékkheftum, sem þau voru beðin að fylgjast vel með, og láta lögregluna vita, ef tékkar kæmu inn með þessum númerum.

Er framangreindur maður vildi fá tékkávísunina að upphæð kr. 100.000 greidda hjá gjaldkera, vildi gjaldkerinn kanna, hvort innstæða væri til fyrir henni með því að hringja í útibú bankans í Breiðholti, en það þótti manningnum óþarfi, þar sem hann væri að leggja kr. 150.000 inn á sama reikning. Gjaldkerinn gaf nú öðru starfsfólki til kynna, að ekki væri allt með felldu. Kom þá Kristín Guðmundsdóttir bankafulltrúi að gjaldkerastúkuni, horfði yfir öxl gjaldkerans og sá, að þar var tékkávísun, útgefin af Jóni B. Bjarnasyni. Hún hélt þá þegar til Hilmars Björnssonar rannsóknarlögreglumanns, sem hélt til á skrifstofu útíbússtjórans, þar sem útsýni var yfir afgreiðslusalinn, og tjáði honum, hvað gerst hafði. Kom hann þá fram að afgreiðslustúkuni og spurði, hvort þar væri ekki allt í lagi. Maðurinn teygði sig þá í tékkann á Breiðholtsútibúið og sagðist ætla að ganga frá þessu í Breiðholtsútibúinu og gekk út úr útibúinu, og tók hann og með sér ökuskirteini, sem hann hafði framvísað, en eftir varð tékkávísunin á Landsbanka Íslands, útgefin af Klausturhólum.

Hilmar Björnsson rannsóknarlögreglumaður brást við skjótt og hljóp á eftir manningnum og náði honum á móts við bakarí þarna rétt hjá. Kom í ljós, að hann var ákærði í máli þessu, og var hann færður fyrir Njörð Snæhólm, aðalvarðstjóra rannsóknarlögreglu, og viðurkenndi fyrir honum og Hilmari að hafa

staðið í ávísanafalsi því, sem hér um ræðir. Hann afhenti þeim þau plögg, sem hann var með í sambandi við tékkaútgáfuna, en það voru: — Búnaðarbankatékkaveski, ökuskirteini Jóns Bjarnasonar, fædds 25. apríl 1953, nafnr. 5115—5785, til heimilis að Sörlaskjólí 30, Reykjavík, með mynd af ákærða og fölsuðum stimpli, útgefið 27. maí 1971 í Reykjavík, nr. 44039, kvittun fyrir innborgun á reikning nr. 2338 í Grensásútibúi Inðaðarbanka Íslands, að upphæð kr. 150.000, reikningseigandi Jón B. Bjarnason, Hrafnhólum 2, greiðandi sjálfur og dagsetning 23. júlí 1976, útfylltur tékki á Iðnaðarbankann h/f, Breiðholtsútibú, nr. 45106, á reikning nr. 2338, til handhafa, kr. 100.000, útfinnur 23. júlí 1976 af Jóni B. Bjarnasyni og framseldur af sama, tékkhefti á Landsbanka Íslands, Vegamótaútibú, nr. 241076—241100, eitt eyðublað eftir í því, tékkhefti á Landsbanka Íslands, Austurbæjarútibú, nr. 1011151—1011175, 6 eyðublöð eftir, tékkhefti á Iðnaðarbanka Íslands h/f, Breiðholtsútibú, nr. 0045101—00451125, 23 eyðublöð eftir, kr. 5.000 í peningum, einn seðill, 4 lykjar að húsakynnum rannsóknarlögreglunnar og rannsóknarlögregluskilríki hans.

Ákærði var svo færður í fangelsið að Síðumúla 28, Reykjavík, þar sem hann var hafður í haldi frá kl. 1225 og var næsta dag í sakadómi Kjósarsýslu úrskurðaður til að hlíta allt að 14 daga gæsluvarðhaldi, meðan rannsókn málsins væri haldið áfram.

Ákærði réðst til lögreglustjórans í Reykjavík 1964 og starfaði þar við almenn lögreglustörf fram til ársins 1967 og svo aftur frá 1972 og út árið 1974. 20. febrúar 1975 réðst hann til starfa hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík, en hafði áður starfað þar sem sumarafleysingamaður. Hann starfaði í þeirri deild rannsóknarlögreglunnar, sem fæst við afbrot barna og unglinga. Hann sagði upp starfi sínu 24. júlí 1976 vegna máls þessa og var veitt lausn frá stöðu sinni sem rannsóknarlögreglumanni í Reykjavík frá og með 1. ágúst 1976.

Á miðju ári 1975 kvaðst ákærði hafa átt í peningavandræðum og fjárhagsörðugleikum, svo sem nánar verður vikið að síðar.

Í september s. á. taldi hann sig hafa fundið lausn á þessu vandamáli með því að opna tvo ávísanareikninga undir fölsku nafni við Landsbanka Íslands, Laugavegi 77, Reykjavík, og Búnaðarbanka Íslands, Austurstræti, Reykjavík, og verða sér úti um peninga með því að selja tékkávísanir á greinda reikninga, gefnar út af honum í nafni reikningseiganda. Í framhaldi af þessu stofnaði ákærði í desember 1975 ávísanareikning í Vesturbæjar-

útibúi Búnaðarbanka Íslands og síðar annan í Breiðholtsútibúi Iðnaðarbanka Íslands, báða undir fölskum nöfnum. Við opnun framangreindra ávísanareikninga lagði ákærði inn á þá vel það, sem tilskilið var til stofnunar þeirra, og fékk afhent tékkhefti. Hann gaf svo út tékkávisanir á greinda reikninga í nafni þeirra, sem hann hafði tilnefnt sem stofnendur þeirra. Auk þess hafði hann í starfi sínu fengið í hendur tékkhefti, sem var meðal þýfis, sem skilað var til hans, og gaf hann út úr því nokkrar tékkávisanir undir fölskum nöfnum. Alls gaf ákærði út og kom eða reyndi að koma í umferð 80 fölskum tékkávisunum, samtals að upphæð kr. 2.686.700.

Þær ávísanir, sem honum tókst að koma í umferð, seldi hann í bönkum, verslunum og víðar gegn greiðslum í peningum, vörum og þjónustu, en suma lagði hann inn í banka sem innlegg á fyrrgreinda ávísanareikninga og þá á víxl til að mynda falska innstæðu á þeim, en öðrum, framvísaði hann í bönkum sem innleggi á sparisjóðsreikninga, sem hann stofnaði undir fölskum nöfnum, upphaflega með smáinnleggi í peningum. Tékkávisanir þær, sem hann lagði þannig inn, framseldi hann yfirleitt í nafni reikningseiganda, sbr. nánar síðar.

Fram er komið í málinu, að til að opna ávísanareikninga í bönkum svo og til að fá tékkávisanir greiddar hjá gjaldkerum þeirra með peningum er krafist, að hlutaðeigandi sanni á sér deili með persónuskilríkjum, auk þess sem við opnun ávísanareikninga er stundum krafist meðmælanda og svo lágmarksinngreiðslu á reikninginn. Hins vegar er yfirleitt ekki krafist persónuskilríkja af mönnum, er tekið er við tékkávisun sem innleggi á ávísana- eða aðra bankareikninga né þegar þeir eru notaðir til greiðslu skulda í bönkunum. Við stofnun sparisjóðsreikninga mun heldur ekki krafist persónuskilríkja.

Í starfi sínu sem rannsóknarlögreglumaður hafði ákærði aðgang að ýmsum týndum munum, sem skilað hafði verið til rannsóknarlögreglunnar, þ. á m. voru ökuskírteini. Ákærði sló eign sinni á tvö ökuskírteini, sem þannig voru í vörslu rannsóknarlögreglunnar. Voru þau á nafni Sigurjóns Einarssonar, nafn nr. 7952—3798, og Snæbjarnar Geirs Viggóssonar, nafn nr. 8228—0251.

Til þess að opna framangreinda ávísanareikninga undir fölskum nöfnum varð ákærði að geta framvísað persónuskilríkjum þess manns, sem hann ætlaði að opna reikning á og í hans nafni. Í því skyni að koma þessu í kring breytti hann ökuskírtein-

unum þannig, að hann tók úr þeim myndirnar, en límdi inn á þau í staðinn mynd af sér úr gömlu ökuskírteini, sem hann átti, og hagaði því þannig, er hann límdi myndina, að stimpilhlu-  
inn, sem var á myndinni, féll sem nákvæmast og eðlilegast að þeim stimpilhlu-  
ta, sem fyrir var í ökuskírteininu, svo að það liti út fyrir að vera heill og upprunalegur stimpill, sem stimplast hefði samtímis á myndina og ökuskírteinið. Á sama hátt breytti hann og ökuskírteini Jóns Bjarna Bjarnasonar, Sörla-  
skjóli 30, Reykjavík, nafnr. 5115—5785, en ökuskírteini þetta var í veski framangreinds Jóns, sem stolið var úr jakka hans, sem hann hafði lagt frá sér á vinnustað sínum. Ákærði hafði farið með önnur mál þeirra ungmenna, sem sök áttu á þjófnaði þessum, en þau sáu að sér, er þau höfðu framið brotið, og gáfu sig sjálfviljug fram við ákærða og skiluðu honum þýfinu. Hann sló eign sinni á ökuskírteini þetta. Eftir að hafa breytt öku-  
skírteinunum hagnýtti hann sér þau við stofnun ávísanareikn-  
inganna, sem hann stofnaði á nöfnum þeim, sem skráð voru á ökuskírteinin, en hafði þó reikningana ekki á sama heimilis-  
fang og þar. Þá notaði hann og ökuskírteinin til framvísunar, er hann var krafinn persónuskilríkja, er hann var að selja sumar ávísanir, sem hann gaf út á framangreinda reikninga, en það var aðallega í bönkum, er hann fékk þær þar innleystar með peningum.

Auk þess, sem að framan er getið, opnaði ákærði 5 sparisjóðs-  
eða innlánsreikninga í jafnmörgum bönkum í Reykjavík og alla undir fölskum nöfnum. Nöfn þau, sem ákærði notaði í þessum tilvikum, voru Ingvar Jóhannesson, nafnr. 4771—5431, Sigurður Karlsson, nafnr. 7880—3010, og Skúli Skúlason, nafnr. 8183—5748. Kvaðst hann ekki hafa þekkt menn með þessum nöfnum né vitað deili á þeim. Hann hafði aflað sér upplýsinga um nafnnúmer þeirra, áður en hann fór í bankann, og stofnaði sparisjóðsreikningana á nöfnum þeirra, og kvað hann það hafa getað verið með tvennu móti. Hann hafi getað séð og fengið nafnskírteini þessara manna í óskilamunum hjá rannsóknarlög-  
reglunni í Reykjavík og hann ekki sýnt þau, er hann stofnaði reikningana, og hafi það gerst í einhverjum tilvikum. Einnig kvaðst ákærði hafa getað fengið nafnnúmerin úr þjóðskrá, en hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík hafi verið nafnaskrá um alla landsmenn, útgefin af Hagstofu Íslands, og hefði hann og getað aflað sér nafnnúmeranna úr þeirri skrá.

Við stofnun sparisjóðsreikninganna lagði ákærði inn á þá smá-

upphæðir í peningum eða gildum ávísunum, en tók meginhluta þess út af reikningnum aftur, eftir að það hafði staðið inni á reikningnum í smátíma. Eftir það eru reikningarnir einungis notaðir í tengslum við tékkaútgáfu ákærða. Hann lagði inn á reikningana sem innlegg ávísanir, sem hann hafði falsað, og tók svo sama dag og lagt var inn eða litlu síðar eða reyndi að taka út af reikningunum þær innstæður, sem þannig höfðu skapast. Tékkarnir höfðu því yfirleitt ekki farið í tékkaskipti milli banka, er ákærði hafði tekið út af sparisjóðsreikningum sem svaraði upphæð þeirra og þá því ekki komið í ljós, að raunverulega innstæðu skorti fyrir þeim og að þeir væru falsaðir.

Eins og áður er getið, er almennt ekki krafist í bönkum persónuskilríkja, er tekið er við tékkum sem innleggi á bankareikninga né þegar tekið er út af sparisjóðsreikningum af handhafa sparisjóðsbókar, einkum ef hann er skráður eigandi hennar. Með þessum hætti var auðveldara fyrir ákærða að koma hinum fölsku tékkum í umferð og jafnframt að fá andvirði þeirra greitt úr bankanum, án þess að það veki tortryggni, en þá tékka, sem hann lagði inn á sparisjóðsreikningana, framseldi hann um leið á nafn skráðs reikningseiganda og hafði þá útfyllt tékkana að öðru leyti, er hann kom með þá í bankana, en annars útfyllti hann yfirleitt tékkana á þeim stöðum, þar sem hann framvísaði þeim til greiðslu.

Verður nú vikið nánar að því, hvernig háttað var opnun og notkun hvers einstaks bankareiknings svo og útgáfu og notkun tékkávisananna og fylgt sömu kaflaskiptingu og númeraröð og í ákæru, en þar er reikningunum og tékkunum rétt lýst að öðru leyti en því, að í III. kafla, lið 4—5, eiga að standa nr. 814829 og 814830 og í lið 7 814835, svo sem leiðrétt hefur verið og eigi sætir andmælum, sbr. og misritun í lið IV og VI.

*I. Sparisjóðsbók í Landsbanka Íslands, aðalbanka, nr. 145975.*

**A.**

18. ágúst 1975 opnaði ákærði framangreindan reikning í nafni Ingvars Jóhannessonar, Álftahólum 8, Reykjavík, með því að framvísa í bankanum innlagningarseðli að upphæð kr. 50.000 og tilgreindi þar nefndan Ingvar sem reikningseiganda og innleggjanda, en ákærði þekkti ekki né vissi deili á Ingvari þessum og hafði ekki heimild til þessarar notkunar á nafni hans. Ákærði reiddi af hendi greiðslu á kr. 50.000 hjá gjaldkera og

fékk þá afhenta sparisjóðsbók, þar sem upphæð þessi var færð inn sem innstæða.

## D.

27. ágúst 1979 er tekið út úr bókinni kr. 40.000, og er það gert með því, að ákærði framvísaði í bankanum úttektarseðli á bókina með sömu nafnritunum og á innlagningarseðli í lið A og hafði hann að upphæð kr. 40.000, sem hann fékk greitt í reiðufé.

## C.

29. ágúst s. á. fyllti ákærði svo út og framvísaði í bankanum innlagningarseðli með sömu nafnritunum og áður, og er hann að upphæð kr. 450.000. Hann greiddi þetta innlegg hjá einum gjaldkera bankans, Helgu Nilsen, á kassa nr. 3, með því að framvísa þar tékka nr. C 40565 á Landsbanka Íslands, útibúið á Selfossi, að upphæð kr. 450.000 á ávísanareikning 655. Tékkávísunin er dagsett sama dag, 29. ágúst 1975, og samkvæmt nafnritun útgefin af Óla Þ. Guðbjartssyni. Ákærði framseldi ávísun þessa barna með því að rita á bakhlið hennar nafn Ingvars Jóhannessonar, Álftahólum 4, Reykjavík, nafnr. 4771—5431, en hann hafði, áður en hann kom í bankann, aflað sér upplýsinga um, að nafnnúmer þetta átti við mann með þessu nafni. Hann var ekki krafinn um persónuskilríki, og var tekið við tékkanum, en þó með athugasemdum, en skömmu eftir að ákærði var farinn, fékk Helga gjaldkeri bakþanka um, að ástæða væri til að athuga tékkann frekar, en tékkaeyðublaðið, sem tékkinn var ritaður á, var af gamalli gerð, sem almennt var löngu hætt að nota í bankanum. Hún hringdi því í útibú Landsbankans á Selfossi og fékk þar upplýst, að skráður útgefandi tékkans átti ekki það reikningsnúmer, sem á tékkanum var, né var til innstæða á reikningnum fyrir tékkanum. Helga gerði í framhaldi af þessu ráðstafanir til, að ekki yrði greidd út af sparisjóðsreikningum framangreind upphæð, sem færð hafði verið sem innstæða í bókina.

Ákærði kvaðst hafa í júlí eða ágúst 1975 fundið á glámbekk tékkhefti á Landsbanka Íslands, útibúið á Selfossi, og tekið úr því eitt blað, sem hann útfyllti. Var það framangreindur tékki, sem ákærði gaf út í nafni Óla Þ. Guðbjartssonar. Er ákærði var á leið út úr bankanum, sá hann, að gjaldkerinn hringdi út af tékkanum, og taldi þá líklegt, að hann væri að kæra út af þessum tékka, og hraðaði sér út og eyðilagði bókina án þess að reyna að taka hina skráðu innstæðu út úr bókinni, sem hann hefði annars gert og notað peningana, sem hann hefði þannig fengið,

til húss síns, sem hann var með í byggingu, þ. e. greiðslu skulda af því og til greiðslu á vörum vegna þess svo og til greiðslu á vörum til heimilisafnota.

*II. Innlánsbók í Útvegsbanka Íslands, aðalbanka, nr. 59172.*

A.

11. september 1975 opnaði ákærði framangreindan reikning í nafni Ingvars Jóhannessonar, Álftahólum 4, Reykjavík. Framvísaði hann í bankanum innlagningarseðli, sem hann hafði útfyllt á nafn framangreinds Ingvars, að upphæð kr. 10.000, og tilgreindi og Ingvar sem reikningseiganda. Ekki verður séð á gögnunum málsins, að hann hafi þurft að sanna á sér deili, og á innlagningarseðlinum er ekki tilgreint nafnúmer nefnds Ingvars. Ákærði greiddi innleggið með því að framvísa við gjaldkera tékkávísun við Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka, að upphæð kr. 10.000. Samkv. nafnritun á tékkávísunina var hún út gefin af Sigurjóni Einarssyni, en ákærði framseldi hana í bankanum með því að rita á bakhlið hennar nafn framangreinds Ingvars og fékk þá afhenta almenna bankabók á framangreint reikningsnúmer, þar sem færð hafði verið inn innstæða á kr. 10.000. Tékkávísunina hafði ákærði falsað með því að gefa hana án heimildar út í nafni Sigurjóns Einarssonar, sbr. III. liður, 1, hér á eftir.

B.

15. september 1975 tók ákærði út af reikningnum kr. 5.000. Framvísaði hann í bankanum úttektarseðli, sem hann hafði útfyllt á reikninginn að þessari upphæð, þar sem hann ritaði nafn Ingvars Jóhannessonar, Álftahólum 4, sem eiganda bókarinnar og sama nafn um þann, sem tæki út. Hann fékk svo framangreinda upphæð greidda í reiðufé hjá gjaldkera.

C.

1. október 1975 lagði ákærði kr. 170.000 inn á ofangreindan reikning í formi tveggja tékkávísana, sem voru samanlagt þessarar upphæðar. Hann fyllti út og framvísaði innlagningarseðli þessarar upphæðar með sömu nafnritunum og í lið A. Ávísanirnar framseldi hann með sömu nafnritunum og var færð upphæð þeirra til inneignar í bankareikningum. Önnur tékkávísun var við Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka, eyðublað nr. 814832, að upphæð kr. 80.000, til handhafa, en hin var við Landsbanka

Íslands, Austurbæjarútibú, eyðublað nr. 984683, að upphæð kr. 90.000, báðar gefnar út í nafni Sigurjóns Einarssonar, sem ákærði hafði falsað, sbr. III. lið, 6, og IV. lið, 7, hér á eftir.

Ákærði útfyllti og framvísaði svo og í bankanum úttektarseðli með sömu nafnritun, sbr. B, að upphæð kr. 90.000, sem hann fékk greitt í reiðufé.

## D.

13. október 1975 útfyllti ákærði og framvísaði úttektarseðli á framangreindan reikning, að upphæð kr. 70.000, með sömu nafnritunum og að framan getur, sbr. lið B og C. Þá var ljóst orðið, að tékkávísanirnar, sem lagðar höfðu verið inn á reikninginn 1. okt. 1975, að upphæð kr. 90.000 og kr. 80.000, voru ekki í lagi. Afgreiðslustúlka bankans, sem tók við úttektarseðlinum og bankabókinni af ákærða, færði því ekki þegar í stað úttektina af reikningnum og bankabókinni til frádráttar þar skráðri innstæðu, heldur sneri sér til deildarstjórans til að ræða um þetta við hann. Hann var í herbergi þarna inn af afgreiðslunni, og er þau komu fram aftur, var ákærði horfinn. Eftir varð í bankanum bankabókin, sem ákærði hafði framvísað, með úttektarseðlinum. 1. des. 1975 var innstæðan í bókinni ásamt vöxtum, kr. 86.871, bakfærð af bankanum og notuð til greiðslu upp í tékka nr. 98683 við Landsbanka Íslands, sbr. IV, 7. tl., hér á eftir.

*III. Tékkareikningur í Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka, nr. 3006—7.*

11. september opnaði ákærði ofangreindan reikning í aðalbanka Búnaðarbanka Íslands. Hann kom inn í bankann að morgni þessa dags og sneri sér til Ásthildar Lárusdóttur, sem þar var frammi við afgreiðslu, og setti fram beiðni um að opna ávísanareikning í bankanum og framvísaði jafnframt ökuskýrteini með nafni Sigurjóns Einarssonar. Honum var afhent umsóknareyðublað, sem hann fyllti út í nafni Sigurjóns Einarssonar, Suðurhólum 8, Reykjavík, nafnr. 7952—3798, fædds 12. mars 1950, og ritaði sama nafn og sömu hendi í neðra hægra horn umsóknareyðublaðsins sem rithandarsýnishorn. Eftir að hafa útfyllt umsóknareyðublaðið fékk hann Ásthildi það aftur, sem bar saman umsóknina og ökuskýrteinið, og minnti hana, að sami aldur hefði verið á báðum. Henni virtist þó ákærði talsvert eldri en ökuskýrteinið gaf til kynna, en kunni ekki við að hafa orð

á því, en er hún leit af myndinni í ökuskríteininu yfir á ákærða, kvað hún hann hafa brosað og sagt „maður breytist nú með árunum“. Hún athugaði þessu næst, hvort maður með nafni því, sem á umsókninni var, hefði haft ávísanareikning og verið lokað hjá honum, en svo reyndist ekki vera. Umsóknin var svo borin undir yfirmann deildarinnar, sem samþykkti hana. Vegna framvísunar ökuskríteinis var það tekið gilt, að ákærði væri sá, sem hann hélt fram, að hann væri, þ. e. Sigurjón Einarsson, og fékk hann að opna ávísanareikning með innleggi upp á kr. 20.000 og fékk jafnframt keypt tékkhefti með eyðublöðum nr. 814826—814850. Ökuskríteinið, sem ákærði framvísaði, hafði hann tekið úr óskilamunum hjá rannsóknarlögreglu, sem hann hafði aðgang að, og breytti því með því að líma mynd af sér úr gömlu ökuskríteini í það, svo sem áður hefur verið lýst. Ákærði gaf svo út 15 tékkávisanir úr tékkhefti þessu á framangreindan reikning í nafni Sigurjóns Einarssonar og notaði í viðskiptum, svo sem nú verður rakið, en innstæðu skorti fyrir tékkunum nema þeim, sem taldir eru í lið 1—5, önnur bókfærð innstæða á reikningnum en svaraði til upphæðar þessara tékka hafði myndast með því, að ákærði hafði lagt inn á reikninginn sem innlegg falskar ávísanir:

1. nr. 814826. Tékkávisun þessari framvísaði ákærði í Útvegsbanka Íslands, Austurstræti, til greiðslu á innleggi á innlánsbók þar nr. 59172 og framseldi hana í nafni Ingvars Jóhannessonar, Álftahólum 4, skráðs eiganda bókarinnar, sbr. II. lið A hér að framan.

2. Með tékka þessum staðgreiddi ákærði fyrir aðgöngumiða að Laugardalsvelli í Reykjavík, er þar fór fram kappleikur.

3. Með tékka þessum staðgreiddi ákærði vörur, sem hann keypti í Apóteki Austurbæjar.

4—5 og 8. Með tékkum þessum staðgreiddi ákærði fyrir úttekt á vörum í versluninni Hagkaupum í Reykjavík.

6. Tékkávisun þessari framvísaði ákærði í Útvegsbanka Íslands, Austurstræti, Reykjavík, til greiðslu á innleggi á innlánsbók nr. 59172 við bankann. Var tekið við tékkanum sem greiðslu, er ákærði hafði framselt hann í nafni Ingvars Jóhannessonar, Álftahólum 4, skráðs eiganda bókarinnar, sbr. II. lið, C, hér að framan, og var bankabókin kvittuð um, að upphæð hefði verið lögð inn á bankareikninginn og næmi innstæðan kr. 175.000.

7. Tékka þessum framvísaði ákærði í Miðbæjarútibúi Bún-

aðarbanka Íslands og hefur fengið upphæð hans greidda í reiðufé. Ekki er því til að dreifa, að hann hafi getað lagt þetta inn á neinn reikning við Búnaðarbankann, sbr. reikningsyfirlit.

8. (sic) Með tékkum þessum staðgreiddi ákærði aðgöngumiða að kvikmyndasýningu í Austurbæjarbíói.

10. Með tékka þessum greiddi ákærði innlegg inn á ávísana-reikning nr. 27520 við Landsbanka Íslands, Austurbæjarútibú, en ávísanareikninginn hafði ákærði stofnað í nafni Sigurjóns Einarssonar, og gaf hann svo út tékka á innstæðuna, sem myndaðist á reikningnum við framangreint innlegg, sbr. IV hér á eftir.

11. og 13. Með tékkum þessum staðgreiddi ákærði úttekt á matvörum í versluninni Kaupgarði, Smiðjuvegi 9, Kópavogi.

12. Tékka þessum framvísaði ákærði í Samvinnubanka Íslands til greiðslu á innleggi á sparisjóðsbók nr. 25237 við bankann, og er ákærði hafði framselt ávísunina í nafni Sigurðar Karlssonar, Krummahólum 4, skráðs eiganda greindrar bókar, var tekið við ávísuninni sem greiðslu á innlegginu. Ákærði hafði áður, 4. nóvember, sjálfur stofnað sparisjóðsreikninginn í nafni Sigurðar Karlssonar, sbr. V. lið B hér á eftir.

14. Með tékka þessum staðgreiddi ákærði fyrir úttekt á matvörum í kjörbúð Sláturfélags Suðurlands, Laugavegi 116, Reykjavík.

15. Tékka þessum framvísaði ákærði í Iðnaðarbanka Íslands, Reykjavík, til greiðslu á innleggi í sparisjóðsreikning nr. 37527, og var tekið af honum sem greiðslu, er ákærði hafði framselt hann í nafni Skúla Skúlasonar, Krummahólum 4, Reykjavík, nafnnr. 8183—5748, sem var skráður eigandi reikningsins, en ákærði hafði nokkru áður stofnað reikning þennan í nafni fram-seljanda, sbr. VII. lið C hér á eftir.

#### *IV. Ávísanareikningur í Landsbanka Íslands, Austurbæjarútibúi, nr. 27520.*

16. september 1975 sótti ákærði um að fá ofangreindan reikning opnaðan í Austurbæjarútibúi Landsbanka Íslands í nafni Sigurjóns Einarssonar, Blikahólum 8, nafnnr. 7952—3798. Í þessu skyni útfyllti ákærði sérstakt umsóknareyðublað, þar sem hann tilgreindi auk þess, sem að framan er getið, að Sigurjón væri fæddur 12. mars 1950, væri háskólanemi, með vinnusíma 25088, og skrifaði svo undir umsóknina nafn Sigurjóns Einarssonar. Ákærði afhenti svo einni af afgreiðslustúlkum bankans umsókn-

ina og var þá um leið gert að sanna á sér deili. Hann sýndi þá ökuskrirteini Sigurjóns Einarssonar, sem hann hafði fengið hjá rannsóknarlögreglunni og breytt, svo sem lýst er að framan. Afgreiðslustúlkan hefur þessu næst athugað ökuskrirteinið og hvort aldur ákærða hafi getað passað við þann aldur, sem er tilgreindur á ökuskrirteini. Að þessu loknu hefur ákærða verið sagt, að hann gæti fengið stofnaðan reikning næsta dag. Stúlkan hefur svo farið yfir vanskilaskrár og önnur gögn frá Seðlabankanum um tékkaviðskiptin og eftir það áritað umsóknina og afhent hana skrifstofustjóra, sem áritar svo líka umsóknina, þar sem hann taldi hana í lagi.

Daginn eftir stofnaði ákærði svo reikninginn, skrifaði nafn Sigurjóns Einarssonar sem rithandarsýnishorn á reikningsspjald nr. 27520 og lagði jafnframt inn á reikninginn kr. 22.000 og útfyllti, svo sem venja er, innlagningaræðil þar um, og var hann og í nafni Sigurjóns Einarssonar, og keypti um leið tékkhefti með eyðublöðum nr. 984676—984700. Hann fékk svo síðar, 1. nóv. 1976, keypt annað tékkhefti við bankann vegna framangreinds reiknings, og voru í því eyðublöð nr. 1011151—1011175. Ákærði gaf svo út og notaði í viðskiptum 34 tékka úr tékkheftum þessum. 24 þeirra gaf hann út á framangreindan ávísanareikning nr. 27520 og í nafni Sigurjóns Einarssonar, og eru þeir gefnir út og komið í umferð á tímabilinu frá 17. september til 19. nóvember 1975. Hina tékkana gaf ákærði út á tímabilinu frá 14. maí til 15. júlí 1976, og eru þeir á ávísanareikninga nr. 16360, nr. 17870 og nr. 22720 og gefnir út í nafni Snæbjarnar Viggóssonar, tékkar í liðum 25—28 hér á eftir, Jóns B. Bjarnasonar, tékkar í liðum 29—32, og pr. pr. Klausturhólar Guðmundar Axelssonar tékkar nr. 33—34. Verður nú rakið það, sem fram er komið um notkun tékkanna, en innstæðu skorti fyrir tékkunum nema þeim, sem taldir eru í liðum 1—6. Önnur bókfærð innstæða en sú, sem myndaðist, er ákærði lagði við stofnun reikningsins kr. 22.000 inn á hann, er til komin vegna innleggs ákærða inn á reikninginn, að upphæð kr. 160.000, 1. október 1975, sem hann greiddi með falskri ávísun, sbr. III. tölulið, 10, og því óraunhæf innstæða, sem ekki hefur þýðingu. Tékkarnir eru stílaðir á handhafa eða viðtakanda þeirra nema tékkar í lið 33—34, sem eru til Jóns B. Bjarnasonar og framseldir í sama nafni. Svo sem síðar verður og vikið að, hafði ákærði ökuskrirteini Snæbjarnar Viggóssonar og Jóns B. Bjarnasonar, og

framvísaði hann þeim, er hann var um það krafinn í sambandi við sölu tékkanna.

Tékkunum er rétt lýst í ákæru um eyðublaðanúmer, dagsetningar, upphæðir og skráða útgefendur og framseljendur nema tékkum í liðum 25—28, sem þar eru sagðir gefnir út í nafni Sigurjóns Einarssonar, en skráður útgefandi á tékkum þessum er Snæbjörn Viggósson.

Hér á eftir er fylgt sömu töluröð og í ákæru.

1 og 3—6. Með tékkum þessum staðgreiddi ákærði vöruúttekt í versluninni Hagkaupum í Reykjavík.

2. Með tékka þessum greiddi ákærði fyrir aðgöngumiða að kvikmyndasýningu í Nýja Bíói.

7. Tékka þessum framvísaði ákærði í Útvegsbanka Íslands til greiðslu á innleggi inn á innlánsbók nr. 59172, sbr. liður II C hér að framan, og var tekið við tékkanum sem greiðslu, er ákærði hafði framselt hann í nafni Ingvars Jóhannessonar, Álftahólum 4, Reykjavík, skráðs bókaeiganda.

8. Tékka þessum framvísaði ákærði í Vegamótaútibúi Landsbanka Íslands og fékk upphæð hans greidda í peningum, er hann hafði framselt hann í nafni útgefanda og sannað á sér deili með því að framvísa ökuskrírteini hans.

9. Tékka þessum framvísaði ákærði í Landsbanka Íslands, aðalbanka, og fékk upphæð hans greidda í peningum, er hann hafði framselt hann í nafni útgefanda og sýnt um leið gjaldkera ökuskrírteini Sigurjóns Einarssonar.

10. Tékka þessum framvísaði ákærði í Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka, og greiddi með honum innlegg á reikning nr. 3006—7 við sama banka.

11. Tékka þessum framvísaði ákærði í Samvinnubanka Íslands í Bankastræti, Reykjavík, til greiðslu á innleggi inn á bankabók nr. 25237, sem ákærði hafði stofnað í nafni Sigurðar Karlssonar, Krummahólum 4, Reykjavík, sbr. V. lið B, og var tekið við tékkanum sem greiðslu á innlegginu, er hann hafði framselt hann í nafni framangreinds Sigurðar Karlssonar, og er nafnúmer Sigurðar og ritað á bakhlið tékkans og því allar líkur til þess, að nafnskrírteini Sigurðar hafi verið sýnt, um leið og tékkinn var seldur.

12 og 14. Með tékkum þessum staðgreiddi ákærði fyrir vöruúttekt í versluninni Ásgeir, Grímsbæ.

13. Tékka þessum framvísaði ákærði í Landsbanka Íslands,

Austurbæjarútibúi, og fékk upphæð hans greidda, er hann hafði framselt hann í nafni útgefanda og sannað á sér deili með persónuskilríkjum.

15. Með tékka þessum staðgreiddi ákærði fyrir vöruúttekt í Vörumarkaðnum í Reykjavík.

16. Með tékka þessum greiddi ákærði fyrir Guðmund Sigurðsson, Álfaskeiði 100, Hafnarfirði, afborganir og vexti af láni hans við veðdeild Landsbanka Íslands, að upphæð kr. 23.063. Ákærði fékk mismuninn greiddan í peningum úr bankanum.

17. Tékka þessum framvísaði ákærði í Búnaðarbanka Íslands, Miðbæjarútibúi, til greiðslu innleggs inn á sparisjóðsbók nr. 6227 við sama banka, sem ákærði hafði stofnað þar í nafni Skúla Skúlasonar, Krummahólum 4, sbr. VI. lið A. Er ákærði hafði framselt tékkann í nafni nefnds Skúla, þar sem tilgreint var nafnnúmer hans, var tekið við honum sem greiðslu á innlegginu.

18—19. Með tékkum þessum staðgreiddi ákærði fyrir vöruúttektir í verslun Silla & Valda í Austurstræti í Reykjavík.

20—21 og 30. Með tékkum þessum greiddi ákærði fyrir vörur, sem hann tók út í verslun Sláturfélags Suðurlands í Glæsibæ í Reykjavík.

22. Tékka þessum framvísaði ákærði í Iðnaðarbanka Íslands h/f, Reykjavík, til greiðslu á innleggi inn á sparisjóðsbók nr. 37527, sem ákærði hafði stofnað í nafni Skúla Skúlasonar, Asparfelli 8, Reykjavík, sbr. VII A. Ákærði framseldi tékkann í nafni nefnds Skúla, Krummahólum 4, Reykjavík, og með nafnr. 8183—5747, og var tekið við honum sem greiðslu.

23—24 og 31. Með tékkum þessum greiddi ákærði úttekt á matvörum í verslun Sláturfélags Suðurlands í Austurveri í Reykjavík.

25. Tékka þessum framvísaði ákærði í Landsbanka Íslands, aðalbanka, og fékk ákærði upphæð hans greidda í peningum, er hann hafði framselt hann í nafni Snæbjarnar Viggóssonar, Kjarrhólum 14, Kópavogi, nafnr. 8228—0251.

26. Tékka þessum framvísaði ákærði í Landsbanka Íslands, Múlaútibúi, og hafði þá útfyllt tékkann og framselt í nafni útgefanda, Snæbjarnar Viggóssonar, og sýndi jafnframt ökuskipteini Snæbjarnar og var þá greidd upphæð tékkans í peningum.

27. Tékka þessum framvísaði ákærði í Landsbanka Íslands, Langholtsútibúi, og fékk upphæð hans greidda í peningum eftir

að hafa framselt hann í nafni skráðs útgefanda, Snæbjarnar Viggóssonar, en með framsalinu er tilgreint nafn nr. Snæbjarnar, og hefur ákærði sýnt ökuskírteini Snæbjarnar við sölu tékkans.

28. Tékka þessum framvísaði ákærði í Landsbanka Íslands, Árbæjarútibúi, og fékk upphæð hans greidda í peningum, en hafði þá framselt hann í nafni skráðs útgefanda, Snæbjarnar Viggóssonar, en auk heimilisfangs getur hann nafnnumers Snæbjarnar, sem bendir til, að ákærði hafi um leið sýnt gjaldkeranum, sem við tékkanum tók, nafnskírteini eða ökuskírteini Snæbjarnar, sem hann hafði undir höndum.

29. Með tékka þessum staðgreiddi ákærði vörur í versluninni Útilífi í Glæsibæ, Reykjavík.

30. Vísað til liða nr. 20, 21 og 30 hér að framan, en tékki þessi var notaður í staðgreiðsluviðskiptum í verslun Sláturfélags Suðurlands, Glæsibæ, en ekki versl. Útilífi, sama stað, svo sem greinir í ákæruskjali.

32. Með tékka þessum greiddi ákærði fyrir vindsæng, sem hann keypti í Skátabúðinni við Snorrabraut í Reykjavík og kostaði kr. 4.000, og fékk hann mismuninn greiddan í peningum.

33. Tékka þessum framvísaði ákærði í Iðnaðarbanka Íslands h/f, Grensásútibúi, til greiðslu á innleggi inn á ávísanareikning nr. 2338 í Breiðholtsútibúi. Tékkann, sem stílaður var á Jón Bjarnason, hafði ákærði útfyllt, áður en hann kom í bankann, þ. e. hann hafði vélritað efni hans, þ. á m. nafn útgefanda, Klausturhóla, en eigin hendi skrifaði ákærði nafn prókúruhafa, Guðm. Axelssonar, svo og framselt hann í nafni Jóns B. Bjarnasonar, Hrafnahólum 2, Reykjavík, nafn nr. 5115—5785, og eftir að ákærði hafði sýnt ökuskírteini Jóns, fékk hann stimplaða innborgunarkvittun um, að hann hefði lagt upphæð tékkans á ávísanareikn. nr. 2338, sbr. og IX. lið, 3. Ákærði ætlaði jafnframt að fá greiddan tékka að upphæð kr. 100.000 á ávísanareikn. nr. 2338, sem hann hafði gefið út í nafni Jóns B. Bjarnasonar, en eins og áður er rakið, sbr. og lið IX, 2, hikaði gjaldkeri bankans við að greiða tékkann, og er ákærði varð þess var, að rannsóknarlögreglumaður kom fram að gjaldkerastúkuni til að athuga um tékkann, tók hann tékkann og ökuskírteini Jóns og hljóp út, en var handtekinn, er út var komið.

34. Tékka þessum framvísaði ákærði í útibúi Landsbanka Íslands, Selfossi, og fékk upphæð hans greidda í peningum, eftir að hann hafði framselt hann í nafni Jóns B. Bjarnasonar, sem

hann var stílaður á, og sýnt ökuskírteini Jóns B. Bjarnasonar til sönnunar um, að hann væri nefndur Jón.

Tékka í liðum 33 og 34 vélritaði ákærði á ritvél, sem hann hafði aðgang að í starfi sínu hjá rannsóknarlögreglunni, og kom með þá þannig útfyllta í bankann.

*V. Sparisjóðsbók nr. 25237 í Samvinnubankanum í Reykjavík.*

A.

4. nóvember 1975 opnaði ákærði framangreindan reikning í nafni Sigurðar Karlssonar, Krummahólum 4, Reykjavík. Þá framvísaði hann í bankanum innlagningar-seðli, sem hann hafði útfyllt á nafn framangreinds Sigurðar, að upphæð kr. 20.000, og tilgreindi hann og sem reikningseiganda. Ekki verður séð, að ákærði hafi þurft að sanna á sér deili, en hann greiddi innleggið með peningum og hefur þá verið afhent sparisjóðsbókin með innfærðu innlegginu.

B.

7. nóvember 1975 framvísaði ákærði í bankanum innlagningar-seðli að upphæð kr. 116.000, sem hann hafði útfyllt með sömu nafnritun og greind er í lið A. Innleggið greiddi hann með 2 tékkum, annar var að upphæð kr. 50.000, sem ákærði hafði sjálfur gefið út í nafni Sigurjóns Einarssonar, sbr. III. lið, 12, og hinn var að upphæð kr. 66.000, sem ákærði hafði og gefið út í nafni Sigurjóns Einarssonar, sbr. IV. lið, 2. Er ákærði hafði framselt tékkana í nafni Sigurðar Karlssonar, skráðs eiganda sparisjóðsbókarinnar, auk þess sem hann tilgreindi nafnnúmer Sigurðar, var tekið við þeim sem greiðslu á innlegginu og það fært sem innstæða á innlánsreikninginn. Sama dag framvísaði ákærði í sama banka úttektarseðli að upphæð kr. 95.000, sem hann hafði útfyllt með sömu nafnritunum, og fékk hann upphæð þessa greidda í peningum, enda sýndi bókin næga innstæðu á móti úttektinni.

C.

Sama dag framvísaði ákærði sparisjóðsbókinni í Háaleitisútibúi Samvinnubankans ásamt úttektarseðli að upphæð kr. 30.000, sem ákærði hafði útfyllt með sömu nafnritunum og getið er í liðum A og B og fékk þá greitt í reiðufé upphæð úttektarseðilsins. Eftir stóð þá í bókinni sem innstæða kr. 11.000, sem ákærði hirti ekki um að taka eða reyna að taka út.

VI. Sparisjóðsbók nr. 6227 í Búnaðarbanka Íslands, Miðbæjarútibúi.

A.

12. nóvember 1975 opnaði ákærði ofangreindan reikning í nafni Skúla Skúlasonar. Framvísaði hann í bankanum innlagn-ingarseðli, sem hann hafði útfyllt og var að upphæð kr. 20.000, og er þar tilgreindur sem reikningseigandi Skúli Skúlason, án þess að heimilisfangs sé getið eða þess, sem leggur inn. Innleggið var greitt af ákærða með peningum eða þá tékkávísun, sem ekki hefur orðið að bakfæra vegna innstæðuleysis eða fölsunar.

B.

14. nóvember 1975 framvísaði ákærði í bankanum innlagn-ingarseðli að upphæð kr. 85.000, sem hann hafði útfyllt og tilgreint sem reikningshafa og þann, sem legði inn, Skúla Skúlason. Innleggið greiddi ákærði með tékka sömu upphæðar, sem hann hafði gefið út í nafni Sigurjóns Einarssonar, sbr. IV. lið, 17. Ákærði framseldi tékkávísunina í nafni skráðs reikningseiganda bókarinnar, Skúla Skúlasonar, Krummahólum 4, og með nafn-númeri 8183—5748, og er tekið af bankans hálfu við tékkanum sem greiðslu og upphæð hans færð inn á bókina sem innstæða.

C.

Sama dag og greindur er í lið B framvísaði ákærði í Búnaðarbanka Íslands, Melaútibúi, úttektarseðli að upphæð kr. 80.000, sem ákærði hafði útfyllt og tilgreint sem reikningseiganda Skúla Skúlason og þess, sem tók út, sama nafn með heimilisfang að Krummahólum 4. Samkvæmt því, sem að framan er getið, var bókfærð innstæða í bókinni kr. 105.000, og var ákærða því greidd í reiðufé upphæð úttektarseðilsins.

VII. Sparisjóðsbók nr. 37527 í Iðnaðarbanka Íslands h/f, Reykjavík.

A.

12. nóvember 1975 opnaði ákærði framangreindan reikning í nafni Skúla Skúlasonar, Asparfelli 8. Framvísaði hann þá í bankanum innlagn-ingarseðli um stofnun nýrrar bankabókar að upphæð kr. 20.000, þar sem tilgreindur var sem reikningseigandi Skúli Skúlason, Asparfelli 8, Reykjavík. Ekki kvaðst ákærði hafa útfyllt innlagn-ingarseðil þennan, heldur taldi hann, að afgreiðslumaður í bankanum hlyti að hafa útfyllt hann, en þá eftir fyrir-

sögn ákærða. Ákærði greiddi innleggið hjá gjaldkera og fékk þá bankabók með innfærðu greindu innleggi sem innstæðu.

## B.

19. nóvember 1975 framvísaði ákærði í bankanum úttektarseðli á framangreindan reikning, að upphæð kr. 15.000, sem hann hafði útfyllt í nafni Skúla Skúlasonar sem reikningseiganda og þess, sem tæki út. Upphæð þessa fékk ákærði greidda í reiðufé, og stóð þá eftir sem innstæða á reikningnum kr. 5.000.

## C.

21. nóvember 1975 framvísaði ákærði í bankanum á reikninginn innlagningarseðli að upphæð kr. 110.000, sem hann hafði útfyllt sjálfur með sömu nafnrítunum um eiganda bókar og þess, sem út tæki, og í lið B hér að framan. Til greiðslu á innlegginu framvísaði ákærði 3 tékkávísunum, sem hann hafði útfyllt og gefið út. 2 í nafni Sigurjóns Einarssonar, sbr. III. lið, 15. tölulið, og IV. lið, 22. tölulið, en 1 í nafni Snæbjarnar Viggóssonar, sbr. VIII. lið, 2. tölulið. Er ákærði hafði framselt tékkana í nafni skráðs bókkareiganda, Skúla Skúlasonar, og tilgreint með því heimilisfangið Krummahólar 4, Reykjavík, og nafnr. 8183—5747, var tekið við tékkunum sem greiðslu á innlegginu og það bókfært á reikninginn sem hækkun á innstæðu, sem var þá kr. 115.000. Sama dag, um leið eða nokkru síðar, framvísaði ákærði í bankanum úttektarseðli á reikninginn, að upphæð kr. 80.000, sem hann hafði sjálfur útfyllt með sömu nafnrítunum og í lið B. Miðað við hina bókfærðu innstæðu á bókinni fékk ákærði framangreinda upphæð greidda í reiðufé.

VIII. *Ávísanareikningur nr. 1878—0 í Búnaðarbanka Íslands, Vesturbæjarútibúi.*

20. nóvember 1975, síðdegis, opnaði ákærði ofangreindan reikning í Búnaðarbanka Íslands, Vesturbæjarútibúi, og gerði það með þeim hætti, að hann sneri sér til Theódóru Thoroddsen bankafulltrúa, sem var við afgreiðslu í afgreiðslusal, og óskaði eftir að opna ávísanareikning við bankann. Hún afhenti honum þá umsóknareyðublað um opnun tékkareiknings, sem hann útfyllti í nafni Snæbjarnar Viggóssonar, Tjarnarbóli 8, Sel-tjarnarnesi, fædd 20. janúar 1952, og tilgreindi heimasíma og vinnusíma og ritaði jafnframt sem rithandarsýnishorn nafn Snæ-

bjarnar Viggóssonar í neðra, hægra horn umsóknarinnar. Ákærði hafði undir höndum ökuskírteini Snæbjarnar Viggóssonar, og hafði hann komist yfir það hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík, en þangað hafði því verið skilað af einhverjum, sem hafði fundið það. Hann breytti skírteininu með sama hætti og hann hafði breytt ökuskírteini Sigurjóns Einarssonar og lýst er hér að framan, þ. e. hann tók úr því myndina, sem í því var, en límdi í staðinn mynd af sér úr gömlu ökuskírteini, sem hann átti, og hagaði því þannig, að stimpilhornið á myndinni féll saman við stimpilinn á skírteininu, er hann límdi myndina í það. Er ákærði var beðinn að sanna á sér deili vegna reikningsstofnunarinnar, framvísaði hann ökuskírteini þannig breyttu, og virtist Theódóru myndin í ökuskírteininu töluvert lík ákærða og vakti ekki tortryggni hjá henni, og bókaði hún á umsóknina nafnnúmerið, sem var á ökuskírteininu. Hún hafði ekki borið saman aldur mannsins samkvæmt ökuskírteini og svo eftir því, sem hann hafði tilgreint í umsókninni, og gerði sér enga ákveðna hugmynd um aldur hans, er hún afgreiddi hann, enda talsverð ös í bankanum. Er hún síðar var beðin að lýsa manningum fyrir rannsóknarlögreglunni, taldi hún hann tæplega þrítugan að aldri. Hún athugaði þessu næst, hvort ákærði hefði haft ávísana-reikning, sem hefði verið lokað, en svo var eigi. Þá fór hún, svo sem venja er til, með umsóknina til útibússtjórans, Stefáns Thoroddsen, en hann hafði ekkert við hana að athuga og samþykkti hana. Ákærða var þá heimilað að stofna reikninginn, og lagði hann inn á hann kr. 35.000 og fékk jafnframt keypt ávísanahefti með eyðublöðum nr. 0164401—01644025. Á tímabilinu frá 20. nóvember 1975 til 13. maí 1976 gaf ákærði út 20 tékkávísanir úr þessu tékkhefti á framangreindan reikning og kom í umferð. 15 þeirra gaf hann út í nafni Snæbjarnar Viggóssonar, en 3 í liðum 9—11 hér á eftir gaf hann út í nafni Jóns Magnússonar og 2, liðir 15—16, gaf hann út í nafni Þóris Jónssonar.

Að frátöldum 2 fyrstu tékkunum, sem ákærði gaf út, var ekki til raunveruleg innstæða fyrir þeim, þar eð önnur innstæða en sú, sem myndaðist við stofnun reiknings, varð til með því móti, að ákærði lagði falskar ávísanir inn á reikninginn.

Ávísanirnar eru ýmist til handhafa eða stílaðar á viðtakendur þeirra og voru notaðar í viðskiptum, svo sem nú verður rakið og fylgt sömu töluröð og í ákæru, en þar er þeim rétt lýst um eyðublaðanúmer, dagsetningar, upphæðir og skráða útgefendur sem framseljendur.

1, 5, 9 og 16. Með tékkum þessum greiddi ákærði fyrir úttekt á vörum í versluninni Hagkaupum, Reykjavík.

2. Tékkka þessum framvísaði ákærði í Iðnaðarbanka Íslands til greiðslu á innleggi inn á bankabók nr. 37527, sbr. VII. lið, tölulið C hér að framan. Er ákærði hafði framselt tékkann í nafni Skúla Skúlasonar, skráðs eiganda bankabókarinnar, með heimilisfangi að Krummahólum 4, Reykjavík, nafnnúmer 8183—5478, var tekið við henni sem greiðslu á innlegginu.

3. Tékkka þessum framvísaði ákærði í Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka, og eftir að hann hafði framselt hann í nafni Snæbjarnar Viggóssonar, Tjarnarbóli 8, og tilgreint nafnnúmer hans, 8228—0251, sem bendir til, að hann hafi sýnt ökuskírteini hans, fékk hann upphæð tékkans greidda í reiðufé.

4. Tékkka þessum framvísaði ákærði í Búnaðarbanka Íslands, Miðbæjarútibúi, og er hann hafði framselt hann í nafni Snæbjarnar Viggóssonar, Tjarnarbóli 8, nafnnúmer 8228—6251, og sýnt ökuskírteini hans, eins og ákærði hafði breytt því, fékk hann upphæð tékkans í reiðufé.

6. Með tékkka þessum staðgreiddi ákærði úttekt á matvörum í verslun Sláturfélags Suðurlands, Laugavegi 116, Reykjavík.

7—8. Með tékkum þessum staðgreiddi ákærði vöruúttekt í verslun Silla & Valda, Austurstræti 17, Reykjavík. Nafnnúmer Snæbjarnar er ritað á bakhlið tékka nr. 7, sem bendir til, að ákærði hafi framvísað ökuskírteini Snæbjarnar við sölu á honum.

10—11. Með tékkum þessum staðgreiddi ákærði vöruúttekt í verslun Sláturfélags Suðurlands í Glæsibæ, Reykjavík.

12 og 14. Með tékkum þessum staðgreiddi ákærði vöruúttektir í verslun Sláturfélags Suðurlands, Austurveri, Reykjavík.

13. Með tékkka þessum greiddi ákærði matvöruúttekt í verslun Sláturfélags Suðurlands, Hafnarstræti 5, Reykjavík.

15. Með tékkka þessum staðgreiddi ákærði matvöruúttekt í Vörumarkaðnum í Reykjavík.

17. Með tékkka þessum staðgreiddi ákærði vörur, sem hann tók út í versluninni Straumnesi við Vesturberg, Reykjavík.

18. Með tékkka þessum staðgreiddi ákærði vöruúttekt í verslun KRON við Stakkahlíð, Reykjavík.

19. Með tékkka þessum staðgreiddi ákærði matvörur, sem hann tók út í versluninni Þrótti, Kleppsvegi 150, Reykjavík.

20. Með tékkka þessum staðgreiddi ákærði vöruúttekt í verslun KRON við Norðurfell í Reykjavík.

*IX. Ávísanareikningur nr. 2338 í Iðnaðarbanka Íslands h/f, Breiðholtsútibúi.*

Mánudaginn 19. júlí 1976, kl. 1300, er Breiðholtsútibú Iðnaðarbanka Íslands h/f var opnað, kom ákærði með öðru fólki inn í bankann og sneri sér til einnar afgreiðslustúlkunnar þar, Önnu Lísu Ingólfsdóttur, og óskaði eftir að opna ávísanareikning í bankanum. Hún afhenti honum þá umsóknareyðublað um opnun tékkareiknings, og gekk hann þá afsíðis til að útfylla það, en flestir útfylla venjulega þessar umsóknir við afgreiðsluborðið. Eftir að hafa útfyllt umsóknina í nafni Jóns B. Bjarnasonar, Hrafnhólum 2, fædds 25. apríl 1953, nafnnúmer 5115—5785, afhenti hann Önnu hana og ritaði jafnframt nafn Jóns B. Bjarnasonar sérstaklega sem sýnishorn af undirskrift ávísana. Anna mundi ekki, er hún kom hér fyrir dóm, hvort hún hefði beðið ákærða um persónuskilríki, en kvað það vera venju að gera það, þegar menn opnuðu ávísanareikning, og taldi líklegt, að hún hefði krafist persónuskilríkja af ákærða. Ákærði hafði þá undir höndum ökuskírteini Jóns B. Bjarnasonar, Sörlaskjólí 30, Reykjavík, nafnr. 5115—5785, en ökuskírteini þetta var í veski, sem stolið var af nefndum Jóni, en var skilað til ákærða sem rannsóknarlögreglumanns, sbr. það, sem áður er rakið og rakið verður í lið X. Ákærði breytti ökuskírteini þessu á sama hátt og ökuskírteinum Sigurjóns Einarssonar og Snæbjarnar Viggóssonar, þ. e. tók myndina úr því og límdi mynd af sér á það í staðinn. Ákærði kveðst hafa framvísað ökuskírteinum þeim, sem hann var með, er hann var krafinn persónuskilríkja í bönkum vegna tékkaviðskipta, og má því telja víst, að hann hafi framvísað ökuskírteini Jóns B. Bjarnasonar við stofnun reikningsins. Ekki hafði Anna borið saman, að uppgefinn aldur í ökuskírteininu og umsókninni væri sá sami né hvort aldur ákærða væri sá sami. Ákærða var svo heimilað að stofna ávísanareikninginn gegn því að greiða minnst kr. 20.000. Ákærði lagði kr. 40.000 í peningum inn á reikninginn og fékk um leið keypt tékkhefti við bankann með eyðublaðanúmerum 45101—45125. Úr tékkhefti þessu gaf ákærði út tvo tékka, og kom hann öðrum þeirra í umferð, en var handtekinn í framhaldi af því, er hann framvísaði hinum til greiðslu í Grensásútibúi Iðnaðarbanka Íslands. Innstæða var til fyrir fyrri tékkanum, en eigi fyrir þeim síðari, þó að ákærði hafi um leið og hann framvísaði honum, lagt inn á reikninginn kr. 150.000 í formi falskrar ávísunar, sbr. tölulið 3 hér á eftir og lið IV, 33. tölulið. Verður nú rakið,

hvernig háttað var notkun þessara tveggja tékka, og um leið er vikið að tilraun ákærða til að mynda innstæðu á ávísana-reikningnum, sem ekki hefði getað talist raunveruleg, þar sem ákærði framvísaði falskri ávísun til greiðslu innleggsins, sbr. lið 3 hér á eftir.

Tékkunum er rétt lýst í ákæru um eyðublaðanúmer, dagsetningar og upphæðir.

1. Tékka þessum framvísaði ákærði í Iðnaðarbanka Íslands h/f, Laugarnesútibúi, og framseldi hann í nafni Jóns B. Bjarnasonar, Hrafnhólum 2, nafnnúmer 5115—5785. Áður en ákærða var greidd upphæð tékkans, var honum gert að sanna á sér deili, og sýndi hann þá ökuskírteini Jóns B. Bjarnasonar. Nokkurt hik var þó á gjaldkera bankans að greiða tékkann, vegna þess að af hálfu rannsóknarlögreglunnar hafði því verið beint til starfsfólksins að vera á verði, ef tékkar kæmu inn, sem út gefnir væru í sömu nöfnum og skriftarsýni voru, sem hún sendi bankanum yfir ávísanafalsara, en þ. á m. var nafn Jóns B. Bjarnasonar, og var undirskriftin á tékkanum borin saman við skriftarsýni þetta, en ekki var starfsfólkið visst um, að rithendurnar væru þær sömu, og var ákærða því greidd upphæð tékkans án athugasemda.

2. Tékka þessum framvísaði ákærði í Iðnaðarbanka Íslands h/f, Grensásútibúi, og vildi fá hann greiddan í peningum. Framseldi hann tékkann í nafni Jóns B. Bjarnasonar, Hrafnhólum 2, og sýndi ökuskírteini hans, eins og ákærði hafði breytt því, til að sanna á sér deili. Hann framvísaði jafnframt innlagningar-seðli á ávísanareikninginn og til greiðslu innleggsins tékka, sem hann hafði gefið út í nafni Klausturhóla, pr. pr. Guðm. Axelson, sbr. lið IV, 33. tölulið og 3. tölulið hér á eftir. Gjaldkeri bankans vildi hringja í Breiðholtsútibúið til að kanna, hvort til væri innstæða fyrir tékkanum, en ákærði taldi það óþarft, þar sem hann væri að leggja inn á reikninginn 150.000 kr. Gjaldkerinn gaf þá öðru fólki til kynna, að eigi væri allt með felldu, og kom þá Kristín Guðmundsdóttir að gjaldkerastúkuni og sá, að gjaldkerinn var með tékka, útgefinn af Jóni B. Bjarnasyni, en hún og annað starfsfólk hafði, eins og að framan er getið, verið beðið að vera sérstaklega á varðbergi, ef reynt yrði að selja tékka, útgefinn eða framseldan í þessu nafni. Kristín lét því rannsóknarlögreglumanninn, sem var á verði í bankanum, vita, og kom hann þá fram í stúkuna og spurði, hvort ekki væri allt í lagi. Ákærði greip þá tékkann og ökuskírteinið og strunsaði út

úr bankanum, en var handtekinn utan við bankann af rannsóknarlögreglumanninum.

3. Um leið og ákærði framvísaði tékkanum, sem getið er um í tölulið 2, í Grensásútibúi Iðnaðarbanka Íslands h/f, framvísaði hann einnig innlagningarseðli á ávísanareikninginn, sem hann hafði útfyllt í nafni Jóns B. Bjarnasonar og var að upphæð kr. 150.000, og fékk hann seðilinn greiðslustimplaðan, er hann hafði framvísað til greiðslu innleggsins tékkávísun sömu upphæðar, sem hann hafði gefið út í nafni Klausturhóla, pr. pr. Guðm. Axelsson, og framselt í nafni skráðs reikningseiganda, sbr. IV. lið, 33. tölulið.

*X. Hagnýting ökuskírteinis Jóns B. Bjarnasonar og tékkheftis við Ladsbanka Íslands, Vegamótaútibú, sem ákærði veitti viðtöku í starfi sínu.*

Í byrjun marsmánaðar 1976 var stolið veski Jóns Bjarna Bjarnasonar, Gaukshólum 2, Reykjavík. Hann var starfsmaður á skrifstofum Eimskipafélags Íslands h/f að Pósthússtræti 2, Reykjavík, og var veskið í vasa í jakka, sem var í fatahengi skrifstofunnar á 2. hæð hússins, en töluverður umgangur er á gangi rétt við fatahengið og það komið nokkrum sinnum fyrir, að stolið hafi verið peningum og öðru úr fötum í heningu, en ekki hafði Jón neinn sérstakan grunaðan um að hafa tekið veskið, en í því hafði verið ökuskírteini hans, matarmiðar, strætisvagnakort, tæpar 1.000 krónur í peningum, ávísanahefti á Landsbanka Íslands, Vegamótaútibú, með um 20 eyðublöðum, óskrifuðum, en reikningsnúmer Jóns var 10303. Hann tilkynnti útibúinu um hvarf heftisins, en tilkynnti ekki lögreglunni um þjófnað veskisins.

Einhvern tíma um vorið eftir þetta komu tveir piltar til ákærða, en hann hafði áður farið með mál vegna afbrota þeirra. Þeir afhentu ákærða framangreint ökuskírteini og tékkhefti svo og nokkur hundruð í peningum, sem þeir sögðust hafa stolið á skrifstofu einhvers staðar niðri í borginni. Ákærði gerði ekki skýrslu um afbrot piltanna og skil þeirra á þýfinu. Heldur tók hann ökuskírteinið og tékkheftið til að nota það í eigin þágu. Hann breytti ökuskírteininu, svo sem áður er lýst, með því að taka myndina, sem í því var, úr og líma í staðinn mynd af sér úr gömlu skírteini og gætti þess þá, að hið stimplaða horn á myndinni félli sem best að því, sem stimplast hafði á ökuskírteinið. Ákærði notaði svo ökuskírteinið við stofnun ávísana-

reiknings við Iðnaðarbanka Íslands h/f, Grensásútibú, nr. 2338, sbr. IX. lið, og svo í sambandi við sölu tékka, sem hann hafði gefið út eða framselt í nafni Jóns B. Bjarnasonar. Ákærði gaf svo út 8 tékka úr framangreindu tékkhefti í nafni Jóns B. Bjarnasonar og notaði í viðskiptum, svo sem rakið verður hér á eftir, og verður fylgt sömu töluröð og í ákæru. Ekki eru tékkarnir á reikningsnúmer, heldur númer, sem ákærði fann upp sjálfur, þ. e. allir á 9367, nema tékkar í tölul. 1 og 2 á númer 9453 og tékki í tölulið 3 á númer 9534. Tékkarnir eru stílaðir á handhafa eða viðtakendur þeirra. Tékkarnir hafa verið færðir inn á ávísanareikning Jóns nr. 10303 og dregnir frá innstæðu hans þar, en ákærði hafði ekki myndað neina innstæðu á reikningi þessum. Tékkunum er rétt lýst í ákæru um eyðublaðanúmer, dagsetningar og upphæðir.

1. Tékka þessum framvísaði ákærði í Landsbanka Íslands, aðalbanka, og var greidd upphæð hans í reiðufé, er hann hafði framselt hann í nafni Jóns B. Bjarnasonar, Sörlaskjólí 30, nafnr. 5115—5785, og sýnt ökuskírteini hans til að sanna á sér deili.

2. Tékka þessum framvísaði ákærði í Landsbanka Íslands, Vesturbæjarútibúi, og er hann hafði framselt hann með sama hætti og greint er í lið 1 og sýnt ökuskírteini Jóns, var honum greidd upphæð tékkans í reiðufé.

3. Tékka þessum framvísaði ákærði til greiðslu í Landsbanka Íslands, Múlaútibúi, og framseldi hann með sama hætti og tékka í lið 1 og 2 og fékk hann hann greiddan, er hann hafði sýnt ökuskírteini Jóns til að sanna á sér deili.

4. Með tékka þessum greiddi ákærði vöruúttekt í verslun Álafoss, Vesturgötu 2, Reykjavík.

5—6. Með tékkum þessum staðgreiddi ákærði vöruúttekt í versluninni Kaupgarði, Smiðjuvegi 9, Kópavogi.

7. Tékki þessi er seldur í Tómstundahúsinu, Laugavegi 164, Reykjavík, og má telja víst, að hann hafi verið greiðsla á vöruúttekt.

8. Tékka þessum framvísaði ákærði til greiðslu í Landsbanka Íslands, Selfossi, útibúi, og er hann hafði framselt hann með sama hætti og tékka í lið 1—3 og sýnt ökuskírteini Jóns B. Bjarnasonar, var honum greidd í reiðufé upphæð tékkans.

Ákærði kvaðst hafa verið einn með þau tékkhefti, sem að framan eru talin, og útilokað væri, að aðrir hafi ávísað úr þeim eða tekið úr þeim eyðublöð. Hann hafi einn gefið út þá tékka, sem greindir eru hér að framan, og komið þeim í umferð og

ekki haft neinn í vitorði með sér. Ákærði gaf tékkávísanirnar yfirleitt út og útfyllti þær á þeim stað, sem hann seldi þær eða lagði inn, en í sumum tilvikum hafði hann fyllt þær út áður og gefið út, en framseldi þær við framvísun, og var það einkum um tékka, sem hann framvísaði til greiðslu í bönkum. Þá er fram komið, að ákærði hefur orðið að framvísa persónuskilríkjum við stofnun tékkávísanareikninga þeirra, sem að framan er getið, og þegar hann framvísaði þeim í bönkum til greiðslu í reiðufé. Í framburði ákærða kemur fram, að hann hefur í þessum tilvikum framvísað þeim ökuskírteinum, sem hann var með og hafði breytt, og þá eftir því sem við átti og enn fremur í þeim sérstöku tilvikum, sem þess þar fyrir utan er krafist og þá er getið hér að framan.

Fjárhagslegur ávinningur ákærða af notkun framangreindra tékka og bankareikninga nemur kr. 1.298.700, en þá hefur verið dregið frá því, sem fékkst fyrir tékkana og náðist út úr bankareikningunum, þær upphæðir í reiðufé, sem ákærði varð að leggja inn á reikningana við opnun þeirra.

Ákærði kvað ástæðuna fyrir því, að hann fór út í að gefa út framangreinda tékka með þeim hætti, sem að framan er lýst, hafi verið fjárhagsörðugleikar, en á honum hafi hvílt talsvert af lausaskuldum. Ákærði hafi stofnað til ýmissa víxilskulda vegna íbúðarkaupa undanfarandi ára og fleytt þessum skuldum á undan sér með framlengingum. Ákærði hafi fyrst byggt íbúð í fjölbýlishúsi í Breiðholti í Reykjavík árið 1967 og gengið að fullu frá henni og svo selt hana. Árið 1972 keypti hann raðhús í Hafnarfirði, en varð að selja það vegna peningaerfiðleika í ársbyrjun 1975. Þá keypti ákærði húsið nr. 29 við Byggðarholt í Mosfellssveit, og var það þá tilbúið undir tréverk. Til þessara kaupa fór andvirði raðhússins, og að auki varð ákærði að skuldbinda sig til að greiða kr. 2.000.000 í milli, þ. e. hann fékk kr. 1.200.000 lánaðar til 8 ára og tók að sér greiðslu á láni til Húsnaðismálastjórnar að upphæð kr. 800.000 til 25 ára. Þá var ákærði með lífeyrissjóðslán að upphæð kr. 700.000. Eftir að hann keypti húsið að Byggðarholti 29, höfðu hlaðist upp hjá honum skuldir við að fullgera húsið og þörf verið fyrir meiri peninga til efniskaupa vegna þess. Hann hafði flutt í húsið um mitt ár 1975, en eftir það kvað hann hafa farið að verða erfitt um vik um framlengingu víxilskulda, sem hann hafði tekið vegna byggingarinnar og dregist, að hann hafi getað borgað afborganir af lánunum, og hann í fleiri skipti orðið að taka víxla

til greiðslu afborgana. Þá hafi og verið farið að gera lögtak í húseign hans. Hann kvað greiðslubyrði sína hafa verið orðna það mikla á þessum tíma, að tilgangslaust hafi verið að taka frekari lán, þó að í boði væru, þar eð hann hefði ekki haft bolmagn til að greiða þau og engir peningar verið til til að halda áfram með húsið, og til að bjarga fjármálum sínum hefði hann farið út í framangreinda tékkaútgáfu. Ákærði kvað alla peninga þá, sem hann hefði fengið fyrir tékkávísanirnar, sem hann seldi í bönkum, svo og mismun þess, sem hann tók út í vörum í verslunum, og upphæð tékkanna, sem hann greiddi þær með, hafa farið til greiðslu framangreindra skulda, efniskaupa vegna hússins og í vörur til heimilishalds.

Svo sem að framan er getið, starfaði ákærði í þeirri deild rannsóknarlögreglunnar, sem afbrotamál barna og unglinga heyra undir, og vann með og var Helga Daníelssyni varðstjóra til aðstoðar í þessum málum, og deildu þeir saman herbergi allt fram yfir áramót 1975—1976, að ákærði fékk herbergi við hliðina á Helga. Helgi Daníelsson fór í upphafi aðallega með rannsókn þessa máls, og kvaðst hann hafa haft öll gögn þess á skrifborðinu sínu og rætt um málið við ákærða sem samstarfsmann sinn. Ekki kvaðst þó Helgi vita til þess, að ákærði hefði tekið skýrslur í sambandi við þetta mál né aðstoðað við rannsókn þess að öðru leyti, nema ef vera kynni, að hann hafi farið með honum, er hann hafi farið í banka eða verslanir til að ræða þar við starfsfólk, er tekið hefði við tékkum, til að fá lýsingu á falsaranum og sýna því myndir af afbrotamönnum. Helgi mundi þó ekki til, að þetta hefði skeð, en taldi það engan veginn útilokað. Helgi kvaðst hafa rætt um málið við ákærða sem starfsmann, en kvað aldrei hafa komið neitt það fram í samskiptum þeirra, sem vakið hefði grun um, að ákærði væri við málið riðinn. Ákærði kvaðst mestmegnis hafa komist hjá því að annast rannsókn í máli þessu eða aðstoða við hana. Hann kvaðst ekki hafa þurft að taka skýrslur af kærendum málsins eða taka við tékkum varðandi það, og hann neitaði því alfarið að hafa komið undan eða eyðilaggt tékka, sem komið var með inn til rannsóknarlögreglu vegna máls þessa. Hann kvaðst hins vegar tvívegis hafa farið með Helga Daníelssyni út í borgina til að sinna máli þessu. Í annað skiptið hafi verið farið í verslun SS, Austurveri, en í hitt í aðalbanka Búnaðarbanka Íslands. Á báða staðina höfðu þeir farið með myndir af afbrotafólki, og átti það af þeim að reyna að bera kennsl á hugsanlegan falsara, en það ekki tekist.

Ákærði kvaðst hafa fylgst með rannsókn Helga og hagað sér lítillaga í samræmi við það.

#### NIÐURSTÖÐUR.

Í ákæruskjalinu, eins og það hefur verið leiðrétt, er tékka-útgáfu og bankaviðskiptum ákærða rétt lýst, nema í VI, C lið, segir, að ákærði hafi framvísað sparisjóðsbók ásamt úttektar-seðli í Samvinnubankanum, Melaútibúi, en á að vera Búnaðar-bankanum, Melaútibúi, og í IV eru tékkar í töluliðum 25—28 sagðir, eins og rakið er að framan, gefnir út í nafni Sigurjóns Einarssonar, en eru, svo sem þeir bera með sér, gefnir út í nafni tilgreinds framseljanda, Snæbjarnar Viggóssonar. Hér er þó í öllum tilvikum um augljós mistök að ræða, sem ekki þykir rétt, að valdi frávísun, þar sem þetta er ekki fallið til að valda misskilningi. Skjölin bera þetta augljóslega með sér.

Ljóst er, að með verknuðum þeim, sem lýst hefur verið í lið-um I—X hér að framan, en öllum þar greindum skjölum telst hann hafa komið í umferð, hefur ákærði gerst sekur um brot á 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Kemur þá til álita, hvort ákærði hafi misnotað stöðu sína sem rannsóknarlögreglumaður til þess að falsa framangreind skjöl og nota þau í lögskiptum.

Með því að vélrita meginmál tékka, dskj. nr. 46 og 52, á rit-vél þá, sem hann hafði aðgang að í starfi sínu, og nota þá svo í lögskiptum hefur ákærði misnotað stöðu, svo að varði við 138. gr. almennra hegningarlaga.

Sama gæti og gilt um töku og öflun ökuskirteinanna, sem ákærði notaði við að fremja sum brota sinna, en fyrir það at-hæfi er ekki ákært sjálfstætt, enda munir þessir naumast and-lag þjófnaðar. Af því einu sér, að ákærði slær eign sinni á óheim-ilan hátt á ökuskirteini þessi, leiðir ekki, að eftirfarandi breyt-ing á þeim og notkun þeirra við tékkafölsun ákærða sé mis-notkun á stöðu hans. Hins vegar, þegar litið er til þess, að ákærði er nánasti samstarfsmaður þess rannsóknarlögreglumanns, sem í upphafi fór með rannsókn þessa máls, en þeir deildu lengst af saman vinnuherbergi, er ljóst, að ákærði er í sérstakri að-stöðu til að fylgjast með rannsókn málsins, en svo sem fram er komið, ræddu þeir sín á milli um rannsókn málsins, allar kær-ur, sem inn komu varðandi mál þetta, voru á borðinu hjá Helga Daníelssyni, samstarfsmanni ákærða, og hafði ákærði aðgang að þeim. Auk þess hefur hann sem rannsóknarlögreglumaður

getað fylgst með, hvað aðrir rannsóknarlögreglumenn aðhöfðust í málinu og hvað almennt var ákveðið af stjórnendum rannsóknarlögreglunnar til að upplýsa málið. Ákærði hefur viðurkennt að hafa hagað sér í brotastarfsemi sinni lítillaga í samræmi við það, sem hann fékk þannig upplýsingar um í starfi sínu. Er ljóst, að ákærði misnotaði aðstöðu sína við að nota í lögskiptum tékka, sem hann hafði falsað, og gerist þetta með þeim hætti, að vegna þessarar aðstöðu sinnar vissi ákærði hverju sinni, hvaða kærur höfðu fram komið, við hvaða fólk í bönkum og verslunum hafði verið talað og hvað fyrir það lagt, og gat hann því forðast að selja tékka á þeim stöðum, þar sem starfsfólk hafði verið varað við hugsanlegum falsara og fengið af honum lýsingu, rithandarsýnishorn o. fl., eða hann gat haldið að sér höndum um sölu falstékka, þegar hann vissi, að mikil rannsókn var í gangi af hálfu rannsóknarlögreglunnar vegna fyrri brota hans. Þó að ekki reyni verulega á þessa aðstöðu ákærða fyrir en eftir 26. nóv. 1975, er fyrst er kært til rannsóknarlögreglu út af tékkafölsun og opnun ávísanareiknings á fölsku nafni í máli þessu, þá er sýnt, að aðstaða þessi er fyrir hendi alveg frá því ákærði gefur út fyrstu fölsku ávísunina, og á grundvelli þess, að ákærði veit, að engin kæra eða kvörtun hefur komið fram, hafði hann mun frjálssari hendur við sölu tékkanna, sem hann gaf út á þessum tíma, en ella.

Þá aðstöðu, sem ákærði hefur sem rannsóknarlögreglumaður til að fylgjast með rannsókn málsins, notar hann sér, eins og fyrr segir, við að halda áfram brotastarfsemi, og þetta er m. a. þess valdandi, að málið upplýstist ekki fyrr en nær ári eftir að ákærði hóf þessa brotastarfsemi, og þá upplýstist það m. a. vegna þess, að þá var ákærði ekki í þessari aðstöðu til að fylgjast með rannsókn málsins, þ. e. hann er í sumarfríi.

Dómurinn lítur svo á, að með því að misnota þessa aðstöðu, sem ákærði hafði vegna starfs síns, í sambandi við brotastarfsemi sína, svo sem að framan er lýst, hafi ákærði misnotað stöðu sína svo, að valda eigi þyngingu refsingar skv. 138. gr. almennra hegningarlaga. Á þetta og við um verknaði þá, sem lýst er í I. lið A og B, II. lið, V.—VII. lið, en þó í minna mæli, þar sem minni varúðar er gætt af hálfu bankastarfsmanna við opnun sparisjóðsreikninga, innlagnir og úttektir af þeim í sambandi við persónur þær, sem hlut eiga að, og reyndi því minna á aðstöðu ákærða í sambandi við þessi brot.

Við refsimat í máli þessu ber og að taka tillit til þess, að

undir rekstri málsins hefur ákærði greitt að fullu allar bóta-kröfur, sem gerðar hafa verið í málinu, og nemur sú upphæð með vöxtum kr. 2.136.877, og olli þetta töluverðri röskun á högum ákærða, sem varð að selja íbúðarhús það, sem hann átti, til þess að vera þetta kleift. Þá missti ákærði stöðu sína sem rannsóknarlögreglumaður, og kom stöðumissir þessi þungt við hann. Þá var nafnbirting ákærða honum tilfinnanlega sár, en var nauðsynleg vegna þess, hvornig málið var vaxið, svo að aðrir rannsóknarlögreglumenn yrðu ekki og undir grun um að hafa framið brotin, en byggðist ekki á venju í málum sem þessu. Öll eru þessi atriði virt til lækkunar á refsingu ákærða.

Refsing ákærða þykir því samkvæmt framangreindum ákvæðum almennra hegningarlaga og með hliðsjón af 77. gr. sömu laga hæfilega ákveðin fangelsi í 18 mánuði.

Samkvæmt heimild í 76. gr. almennra hegningarlaga ber að draga frá refsingunni með fullri dagatölu gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 24. júlí til 4. ágúst 1976.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, sem ákveðast krónur 200.000, málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, hæstaréttarlögmanns Inga Ingimundarsonar, kr. 250.000, og réttargæsluþóknun til skipaðs réttargæslumanns, hæstaréttarlögmanns Arnar Clausen, sem ákveðst krónur 40.000.

Nokkur dráttur var á lyktum í málinu, eftir að framhaldsrannsókn var að mestu lokið, stafaði hann fyrst af frestum, sem veittir voru í því skyni að gefa ákærða kost á að ljúka greiðslu skaðabóta, en svo síðar dróst málið á langinn vegna slyss, sem dómariinn varð fyrir, og afleiðinga þess.

#### Dómsorð:

Ákærði, Matthías Árni Mathíesen Guðmundsson, sæti fangelsi í 18 mánuði.

Gæsluvarðhaldsvist hans frá 24. júlí til 4. ágúst 1976 komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingunni.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 200.000, málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, hæstaréttarlögmanns Inga Ingimundarsonar, kr. 250.000, og krónur 40.000 í þóknun til skipaðs réttargæslumanns ákærða, hæstaréttarlögmanns Arnar Clausen.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.